

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Ráðstefnur og fundir



Farsæl samvinna
Þórunn Árnadóttir hönnuður er
komin í samstarf við bandaríska
hönnunarfyrirtækið Daniel
Estes Designs.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

30. janúar 2012
25. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt vörðunarskránni Capacent Gallup júlí - september 2011

Prefalt fleiri fyrirtæki til sölu

Félögum í eigu banka fækkar lítillega frá því í nóvember og þrisvar sinnum fleiri eru komin í söluferli. Félögum í endurskipulagningu fækkar að sama skapi mikið. Forstjóri FME er ánægður með árangurinn.

VIÐSKIPTI Félögum í óskyldum rekstri í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþingfyrirtækja hefur fækkað um sjö frá 1. nóvember síðastliðnum. Þau voru þá 132 talsins en eru nú 125. Félögum sem eru komin í formlegt söluferli hefur þó fjölgað mikið á síðustu þremur mánuðum. Þau voru 14 í nóvember en eru nú 45. Þetta kemur fram í nýjum tölum Fjármálaeftirlitsins (FME) um tímabundna starfsemi lánastofnana sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Samkvæmt lögum mega fjármálaþingfyrirtæki einungis eiga félög í óskyldum rekstri í 12 mánuði hið mesta án þess að leita eftir undanþágu vegna eignarhaldsins. Í tölum FME kemur fram að 26 þeirra félaga sem eru í eigu fjár-

málaþingfyrirtækja séu innan upphaflegra tímamarka. Önnur hafa sóst eftir, og fengið fresti. Í tölum sem FME birti í nóvember kom fram að bankarnir hefðu frest til áramóta að losa um eignarhald á 66 félögum. Ljóst er að það hefur ekki tekist og flest þeirra félaga hafa fengið viðbótarfresti.

Athygli vekur að félögum sem eru í endurskipulagningu fækkar úr 27 í fimm. Að sama skapi hefur félögum sem komin eru í söluferli fjölgað þrefalt og fjórðungi fleiri eru komin í endanlegt slitiferli.

Gunnar Andersen, forstjóri FME, telur að aukinn þrýstingur eftirlitsins og mikil umræða um eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri hafi haft jákvæð áhrif á vinnslu þessara mála. Mun fleiri félög séu nú komin í söluferli

Fjöldi félaga í tímabundinni starfsemi í eigu fjármálaþingfyrirtækja

	10-20%*	20-40%*	40-100%*	Alls 23. janí 2012	Alls 14. des 2011	Alls 1. nóv 2011
Félög í vinnslu	3		9	12	10	27
Félög í endurskipulagningu		2	3	5	29	27
Félög í slitiferli	3	5	29	37	34	29
Félög í söluferli	7	9	29	45	19	14
Samtals fjöldi	15	16	70	99	92	97
Fjöldi félaga innan upphafl. tímamarka	15	10	1	26	35	35
Samtals fjöldi félaga	10	26	71	125	127	132

*23. janúar 2012

eða endanlega slitameðferð. „Auðvitað viljum við öll sjá þetta gerast hraðar. En þetta er þungt ferli og er að hreyfast í rétta átt. Okkur finnst að umræðan og þrýstingur okkar hafa haft góð áhrif.“

Að sögn Gunnars þrýstir eftirlitið á að félög séu sett í söluferli ef áætlun liggur frammi um að slíkt eigi að gerast. „Það þarf allt-

af að taka til í þessum félögum. Í sumum tilvikum eru þetta félög með til dæmis dótturfélög erlendis sem þarf að taka til í. Slíkt getur seinkað ferlinu. Ef það er lögð fram vel rökstudd umsókn um frest vegna svona aðstæðna þá er hann veittur. En 45 félög eru komin í söluferli. Það er góð þróun.“

- þsj



Svala hannar klúta

Svala Björgvinsdóttir hannar nú hálsklúta undir nafni hljómsveitar sinnar, Steed Lord.

fólk 30

Svitnaði sem lukkudýr

Adolf Ingi Erlingsson fór á kostum á nýafstöðnu Evrópumóti í handbolta.

fólk 30




Danir Evrópumeistarar

Hjálpðu Íslandi um leið inn í auðveldasta riðilinn í umspili ÓL 2012.

sport 24 og 26

veðrið í dag



LÉTTSKÝJAD Í dag verða víðast sunnan 3-8 m/s og léttskýjad. Vaxandi SA-átt og þykkar upp syðra í kvöld. Hiti 0-6 stig.

VEÐUR 4



BREYTTIR TÍMAR Fyrir örfáum dögum hefði boltaspark verið fjarlægur draumur fyrir þessi ungmennti sem brugðu á leik í vesturbæ Reykjavíkur í gær. Rigning og hlýindi síðustu daga hafa gert aðstæður til slíkrar iðkunar mun bærilegri og bendir flest til þess að veðrið verði svipað á allra næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stór hópur þingmanna leggur til rannsóknarnefnd um einkavæðinguna: Vilja rannsaka sölu þriggja banka

STJÓRNMÁL Hópur þingmanna úr að minnsta kosti þremur flokkum, auk óháðra, mun í vikunni leggja fram á Alþingi tillögu um rannsókn á einkavæðingu bankanna frá árinu 1998 til 2003.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna nefnd sem rannsaki sölna á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Nefndin skuli skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. janúar 2013.

Í drögum að tillögunni er lagt upp með fjölda ítarlegra rannsóknarspurninga. Í inngangi segir

að nefndin skuli taka til umfjöllunar þá stefnu og viðmið sem lágu til grundvallar einkavæðingunni og að hve miklu leyti þeim var fylgt í framkvæmdinni. Lagt verði mat á ferlið, sem og ábyrgð og aðkomu einstakra ráðherra og embættismanna, samningar við nýja eigendur skoðaðir, efnidir þeirra og undanþágur.

Þá er gert ráð fyrir því að nefndin vísi grun um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum til yfirvalda.

Samfylkingarmaðurinn Skúli Helgason er fyrsti flutningsmaður tillögunnar. Hann segir að þegar

hafi fjórtán þingmenn úr Samfylkingu, Vinstri grænum og Hreyfingu, auk þingmanna utan flokka, samþykkt að vera meðflutningsmenn. Skúli segir þingflokk Framsóknar munu ræða málið á morgun en hann býst ekki við stuðningi við málið úr röðum Sjálfstæðisflokks.

Tillaga um rannsókn á einkavæðingu Landsbanka og Búnaðarbanka var flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar haustið 2010 en hún fékkst aldrei afgreidd úr allsherjarnefnd. „Við leggjum áherslu á að þessi tillaga nái fram að ganga núna og að rannsóknin fari fram á þessu ári,“ segir Skúli.

- sh

Rannsókn vegna ábendinga: Skattamál lýtalækna skoðuð

SKATTAMÁL Skatttrannsóknarstjóri ríkisins aflar nú gagna um skattamál lýtalækna á landinu eftir að ábendingar bárust frá velferðarráðuneytinu. Bryndís Kristjánsdóttir skatttrannsóknarstjóri segir að gögn um hafi verið safnað síðan ábendingar bárust embættinu en ákvörðun um rannsókn liggja ekki fyrir. „Verði sú ákvörðun tekin að rannsaka málið verður það vegna þess að það liggur staðfestur grunur fyrir um skattlagabrot.“

Í bréfi velferðarráðuneytisins segir að ábendingar hafi borist um að lækna sem bjóða upp á heilbrigðisþjónustu án greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands gefi ekki upp tekjur sínar vegna þeirrar vinnu að fullu upp.

- sv, sh / sjá síðu 4



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

HLEÐSLA 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

ÍSLENSKA SÁLASKA SÞEÐI 01/12

PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF

MS.IS

NYJUNG Í HANDHEGUM UMBUÐUM

OSTA KUBBAR

Gott Í MATINN

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Traustur ferðafélagi



Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni
á fjórhjóladrifnum Suzuki.



SUZUKI GRAND VITARA

Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur
og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn
betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.

Grand Vitara Premium+

2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.350 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.650 þús.**



NÝR SUZUKI SWIFT 4x4

**Stærri, rúmbetri og með einstaklega
sparneytinni 94 hestafla vél.**

Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



SX4 SPORTJEPPLINGURINN

Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður
og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. **3.690 þús.**

Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

GENGIÐ 27.01.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,75	123,33
Sterlingspund	192,85	193,79
Evra	161,30	162,20
Dönsk króna	21,696	21,822
Norsk króna	21,071	21,195
Svænsk króna	18,125	18,231
Japanskt jen	1,5918	1,6012

SDR 189,83 190,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,746

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framboð til embættis biskups:
Agnes býður sig fram til biskups

ÞJÓÐKIRKJAN Agnes M. Sigurðardóttir, prestur í Bolungarvík, gefur kost á sér í embætti biskups Íslands.



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR

Agnes segir í tilkynningu til fjölmiðla að hún hafi verið hvött til að gefa kost á sér sem biskupsefni. „Þau sem hafa hvatt mig telja að ég geti gagnast kirkjunni vel á þeim vettvangi og geti leitt hana á farsælan hátt þjóðinni til heilla og henni sjálfri til sóma. Lýsi ég því hér með yfir að ég er reiðubúin til þessa verkefnis og býð mig hér með fram sem biskupsefni,“ segir Agnes.

- shá

Fékk fé fyrir mistök banka:

Hrói höttur dæmdur í samfélagsþjónustu

GRÆNLAND Hæstiréttur Danmerkur hefur staðfest dóm grænlandska landsráttarins yfir manni sem kallaður hefur verið Hrói höttur Grænlands. Grænlandingurinn, sem dæmdur hefur verið til 100 klukkustunda samfélagsþjónustu og áfengis- og sálfræðimeðferðar, fékk fyrir mistök í banka árið 2008 jafngildi um 28 milljóna íslenskra króna inn á reikninginn sinn. Bankinn staðfesti síðan í síma að féð væri mannsins.

Hann eyddi um 9 milljónum til þess að gleðja fjölskyldu og vini auk þess sem hann keypti nauðsynjar handa þurfaðni.

Grænlandingurinn var ákærður fyrir fjárvik en hann taldi sig hafa unnið í þýska lottóinu.

- ibs

Jóhanna Sigurðardóttir ætlar að ákveða sig þegar nær dregur kosningum:

Fallið frá tillögu um landsfund

STJÓRNMÁL Tillaga ný Samfylkingarmanna um að flýta landsfund flokksins fram á vor var dregin til baka á flokksstjórnarfundum síðdegis á laugardag.

Andrés Jónsson, einn tillöguflytjenda, segir að tilganginum með tillögunni hafi verið náð, en hann hafi verið að skapa umræðu um forystumál í flokkinum, ekki að bola forystunni úr embættum. Margir hafi komið að máli við tillöguflytjendurna og beðið þá um að draga hana til baka.

Næsti landsfundur flokksins

verður því að óbreyttu í febrúar á næsta ári, skömmu fyrir kosningar til Alþingis, að því gefnu að þær verði á hefðbundnum tíma.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur ekki kveðið upp úr með það hvort hún hyggt gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 um helgina sagðist hún ætla að taka þá ákvörðun þegar nær drægi kosningum. Hún hefði einsett sér að klára stór og mikil verkefni sem lytu að fiskveiðistjórnun, stjórnarskránni og auðlindamálum.

- sh



KVIÐIR ENGU í ávarpi sínu til flokksstjórnarfundarins sagði Jóhanna mikilvægt að fyrsta vinstristjórn landsins kláraði stóru málin á stefnuskránni.

MYND/STÖB 2

Vonast eftir friðarviðræðum:
Boða fund með Talibönum

AFGANISTAN Ríkisstjórn Afganistan undirbýr nú fund með leiðtogum Talibana í Sádi-Arabíu á næstu vikum. Standa vonir til þess að fundurinn liði fyrir friðarviðræðum í kjölfarið. Greint er frá þessu á fréttavef BBC.

Talibanar hafa hingað til neitað að viðurkenna ríkisstjórn Hamid Karzai, forseta Afganistan. Háttsettir embættismenn í ríkisstjórn Afganistan staðfestu að fundurinn myndi eiga sér stað. Talsmenn Talibana neituðu að tjá sig um málið við BBC.

- kg

Fjöldi lýtalækna til skoðunar hjá skatti

Skattrannsóknarstjóri mun taka ákvörðun í næstu viku um hvort ástæða sé til að skoða hvort lýtalækni í landinu svíki undan skatti. Velferðarráðuneytinu bærast ábendingar um málið fyrr í mánuðinum. Embættið aflar nú gagna.

EFNAHAGSMÁL Skattrannsóknarstjóri ríkisins aflar nú gagna um lýtalækna á landinu eftir að ábendingar bárust frá velferðarráðuneytinu um að lækarnir höfðu framið skattsvik. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri vonast til þess að ákvörðun um rannsókn á málinu verði tekin í næstu viku.

Í bréfi velferðarráðuneytisins til skattrannsóknarstjóra segir að nokkrar óformlegar ábendingar hafi borist í tengslum við PIP sílikonpúðana um að lækna sem bjóða upp á heilbrigðisþjónustu án greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands gefi tekjur sínar sem þeir hafa vegna þeirrar vinnu ekki að



LÝTALÆKNAR Greint hefur verið frá því að fjármál Jens Kjartanssonar lýtalækni sé til skoðunar hjá skattinum, en ljóst er að ábendingar hafa borist um fleiri lækna.

IMAGEFORUM/GETTY

Hins vegar verður að fara varlega í svona málum til að það sé alveg klárt að við séum með eitthvað fast í höndunum ef út í rannsókn verður farið.

BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR
SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI RÍKISINS

fullu upp til skattfirvalda. Ráðuneytið afhenti ábendingarnar til fjármálaráðuneytisins, sem áframsendi þær síðan til skattrannsóknarstjóra.

„Við höfum verið að afla gagna frá þeim tíma sem okkur barst ábendingin og sú vinna er í gangi, þannig að ákvörðun um hvort ráðist verði í rannsókn liggur ekki fyrir,“ segir Bryndís. „Verði sú

ákvörðun tekin að rannsaka málið verður það vegna þess að það liggur staðfestur grunur fyrir um skattalagabrot.“

Ekki fæst uppgefið hvaða gögnum skatturinn er að afla frá lýtalæknum. Málið verður skoðað út frá skattaskilum þeirra lækna sem um ræðir í ábendingunni til ráðuneytisins. Bryndís segir fjölmiðla einnig spila mikilvægt hlutverk í

upplýsingaöflun embættisins, þar sem ábendingar frá almenningi birtist oft og tíðum þar.

„Slíkt byggir undir,“ segir hún. „Stundum eiga sögurnar við rök að styðjast, stundum ekki. Hins vegar verður að fara varlega í svona málum til að það sé alveg klárt að við séum með eitthvað fast í höndunum ef út í rannsókn verður farið.“

sunna@frettabladid.is

Aðildarviðræður við ESB:

Helmingur vill halda áfram

KÖNNUN Helmingur Íslendinga vill að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði haldið áfram, samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Samkvæmt könnuninni vilja 38 prósent landsmanna að aðildarviðræðunum verði hætt. Frá þessu var greint í fréttum RÚV.

Niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að þeir sem eldri eru vilja frekar halda viðræðum áfram en þeir sem yngri eru. Þá eru karlar og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu frekar fylgjandi viðræðunum en konur og landsbyggðarbúar.

- kg

Albanir handteknir í Noregi:

Smygla fólki í skipagámum

NOREGUR Norska lögreglan telur sig hafa afhjúpað net Albana sem smygla fólki í gegnum Noreg frá Svíþjóð til Englands. Fjórir Albanir voru í vikunni handteknir í Brevik en þaðan sigla gámafletningaskip til Immingham í Englandi.

Lögregluna hefur lengi grunað að fólki væri smyglað í gámum sem fluttir eru milli ofangreindra borga.

Haustið 2010 voru tveir Albanir búsettir í Svíþjóð handteknir og ákærðir fyrir aðstoð við smygl á fólki milli Noregs og Englands.

Saksóknari í Noregi segir Dani glíma við smygl á fólki frá Esbjerg.

- ibs

101 bentóbox

101 hotel
reykjavík

borðapantanir í s: 5800 101 101hotel@101hotel.is www.101hotel.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

PURRT Í DAG EN þykkar upp og fer að rigna sunnan til á landinu seint í kvöld með stífri suðaustanátt. Úrkomusamt um sunnan og vestanvert landið næstu daga og heldur ákveðnar suðlægar áttir en úrkomulítið norðaustanlands.


Á MORGUN 8-15 m/s, hvassast austast.

MÍÐVIKUDAGUR 8-13 m/s. Kólnar.


HEIMURINN

Alicante	12°
Basel	3°
Berlín	-3°
Billund	1°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	21°
London	4°
Mallorca	15°
New York	4°
Orlando	21°
Ósló	-8°
París	3°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



VEIDDU KÓÐANN
 MEÐ SÍMANUM
 OG KOMDU Í
 SAFARÍKT SAMBAND



ENNEMM.IS FÉKK
 YFIRHALNINGU
 OG GEYMIR BÆÐI
 FERSKVÖRU OG
 GAMLA FJÁRSJÓÐI

Nýtt blóð

Um leið og við þökkum þeim fjölmörgu sem sóttu um að vinna með okkur fyrir áhugann, bjóðum við nýja fólkið velkomnið í hópinn. Komdu og hittu okkur öll á ennemm.is.

ENNEMM

KJÖRKASSINN



Telur þú að „strákarnir okkar“ eigi að fá greitt fyrir að spila fyrir Ísland?

JÁ 53,6%
NEI 46,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að kona taki við embætti biskups Íslands?

Segðu skoðun þína á vísir

vísir



HAGKAUP Meðal þeirra sautján fyrir-tækja sem Hagar reka eru Hagkaup, Bónus, Zara og Topshop.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árshlutauppgjör Haga birt:

Vörusala Haga jókst um 4,9%

VIÐSKIPTI Hagar högnuðust um 1.867 milljónir á þriðja ársfjórðungi rekstrarársins 2011 til 2012. Jafngildir hagnaðurinn 3,7 prósentum af veltu fyrirtækisins á tímabilinu. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri Haga fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2011 sem birt var fyrir helgi.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 49,9 milljörðum króna samanborið við 49,2 milljarða á sama tímabili fyrra rekstrarárs. Að teknu tilliti til brotthvarfs 10-11 úr Hagsamsteyppunni nam söluaukning 4,9 prósentum milli ára. Þá voru heildareignir samstæðunnar 24,65 milljarðar í lok tímabilsins og eigið fé 5,7 milljarðar.

Smástirni fer nærri jörðu:

Engin hætta sögð á árekstri

VÍSINDI Smástirni sem talið er vera um ellefu metrar að þvermáli skaust framhá jörðinni á miklum hraða um klukkan 16 á föstudaginn. Vísindamenn voru þess fullvissir að engin hætta væri á að það lenti á jörðinni.

Smástirnið, sem kallað er BX34, var í um 60 þúsund kílómetra fjarlægð frá jörðinni þegar það komst næst henni, sem er um fimmtungur af fjarlægðinni milli jarðarinnar og tunglsins. Aðeins er vitað um 20 tilvik þar sem smástirni hefur farið svo nærri jörðu.

Hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar með framtíðarnýtingu í huga:

Vilja ná sátt um nýtingu Öskjuhlíðar

SKIPULAGSMÁL Halda á hugmyndasamkeppni um framtíð útivistar- og skógræktarsvæðisins í Öskjuhlíð. Í greinargerð sem lögð var fyrir skipulagsráð Reykjavíkur kemur fram að markmiðið sé að skapa sátt um framtíð og nýtingu svæðisins.

„Ef heimila á nýja starfsemi í Öskjuhlíð sem krefst nýrra mannvirkja þá er réttast að það verði gert með endurskoðun á skipulagi Öskjuhlíðar þar sem hlutverk og starfsemi svæðisins verður endurmetin í ljósi uppbyggingaráforma



ÖSKJUHLÍÐ Meginstefnan í endurskoðuðu skipulagi verður að áfram verði fjölsóttur útivistarskógur í Öskjuhlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

í nágrenninu og hlutverki Öskjuhlíðar sem útivistarsvæðis í miðri

borg,“ segir í greinargerð þar sem kynnt er sú ákvörðun borgarráðs að fela skipulagsráði málið.

„Þar sem Öskjuhlíðin er vinsæl til útveru er mikilvægt að hvetja til almennrar þátttöku í hugmyndaheit um vernd, nýtingu og framtíðarskipulag,“ segir í forskriftinni til skipulagsráðs. Bent er á að í Öskjuhlíð sé mikið af jarðsögulegum og menningarlegum minjum.

Fram hefur komið að bæði hæstbjóðendur í Perluna og eigendur Keiluhallarinnar hafa hug á hótellbyggingum í og við Öskjuhlíð. - gar


Sjötíu ára kaupstaðarafmæli:

Safnað fyrir sýningarbúnaði

SVEITARSTJÓRNIR Í tilefni af sjötíu ára afmæli Akraneskaupstaðar setur bærin átta milljónir króna í sjóð vegna endurnýjunar sýningarbúnaðar Bíóhallarinnar. Heildarkostnaður er áætlaður 17 til 19 milljónir.

Bærin verður bakhjarl og hefur umsjón með sjóðnum. Efna á til söfnunaráttaks, meðal annars með styrktartónleikum. Með endurnýjun sýningarbúnaðarins eiga til dæmis að opnast möguleikar til beinna útsendinga frá menningar- og íþróttaviðburðum. - gar

Veður á Íslandi árið 2011



Metsnjór í desember

Snjór var á jörðu í höfuðborginni 29 af 31 degi í desember. Aldrei áður hefur verið alhvítt jafnmarga daga. Árið var hlýtt, vindasamt og úrkomusamt.

NÁTTÚRA Aldrei hefur verið snjór á jörðu jafnmarga daga í desember og í fyrra. Alhvítt var í Reykjavík í 29 af 31 degi. Þetta kemur fram í veðurfirliti fyrir síðasta ár, sem Trausti Jónsson veðurfræðingur hefur birt á heimasíðu Veðurstofunnar.

Hæsti hitinn mældist á Húsavík þann 27. júlí, en þá var 24,8 stiga hiti. Sami dagur var einnig sá hlýjasti á Akureyri og mældist hitinn 22,1 stig. Hitinn í Reykjavík fór hæst í 20 stig þann 5. ágúst. Lægst fór hitinn í Reykjavík hins vegar í -12,5 stig þann 13. mars. Á Akureyri varð kaldast 6. desember, -16,8 stig, en kaldast varð á landinu við Upptýppinga tveimur dögum síðar, -27,8 stig.

Meðalhittinn í Reykjavík var 5,4 stig sem er 1,1 stigi fyrir ofan meðaltal. Hitinn í nóvember var þremur

gráðum meiri en í meðalári en í desember var hitinn 1,7 gráðum undir meðallagi. Meðalhittinn á landinu var hæstur í Surtsey, þar sem hann var 6,6 stig, en lægstur var hitinn á Brúarjökli, -2,1 stig að meðaltali.

Mun úrkomusamara var í fyrra en árið áður og mældist úrkomun í Reykjavík þrettán prósentum meiri en í meðalári, 904 millimetrar. Apríl var vætusamastur en þá mældist meira en tvöföld meðalúrcoma á meðan úrcoma var innan við þriðjung af meðallagi í júní. Mesta úrcoma á einum sólarhring var þann 3. júlí í Kvískerjum í Örafum. Þá mældist úrcoma 135,5 millimetrar.

174 úrkomudagar voru í Reykjavík á liðnu ári, sem er 26 dögum meira en í meðalári, og 65 dögum meira en árið áður.

Fyrstu vetrarmánuðir ársins

voru snjóléttir og alhvítir dagar voru aðeins tveir í Reykjavík í janúar. Fram í maí voru 33 snjó dagar, þar af var alhvít jörð í byrjun maí, sem er óvenjulegt. Á móti hefur veturinn nú frá hausti verið snjóþungur, sem varð til þess að yfir árið voru snjódagarnir tólf dögum fleiri en í meðalári. Sömu sögu var að segja á Akureyri, þar sem alhvítir dagar voru 26 fleiri en í meðalári. Í desember var snjór á jörðu alla daga, en hvít jörð var í 86 daga yfir árið sem er 33 dögum minna en í meðalári.

Meðalvindhraði hefur ekki mælt meiri frá árinu 1993 og mældist mesti vindhraði á tíu mínútna kafla í Jökulheimum í febrúar, 46,9 metrar á sekúndu. Mesta vindhviðan var 60 metrar á sekúndu á Gagnheiði í mars.

thorunn@frettabladid.is

Ágreiningur við bankana:

LV undirbýr mál gegn Glitni og Kaupþingi

VIÐSKIPTI Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur falið lögmannnum að gæta hagsmuna sjóðsins vegna ágreinings um gjaldmiðlavarnarsamninga við gamla Glitni og gamla Kaupþing. Í tilkynningu frá sjóðnum segir að í þrjú ár hafi árangurslaust verið leitað eftir samkomulagi um lausn á málinu, en nú sé svo komið að leita þurfi annars leiða, jafnvel með atbeina dómstóla.

Forsvarsmenn sjóðsins telja kröfur bankanna á hendur þeim vegna samninganna vera óeðlilegar, enda hafi allar forsendur fyrir samningunum brostið við fall fyrsta viðskiptabankans.

Hafinn hefur verið undirbúningur að málshöfðun til að afla nauðsynlegra gagna til sönnunar því að stjórnendur bankans hafi brotið gegn hagsmunum sjóðsins.

- sh

Leikskólastarf skal bætt:

Samningur við 5 sveitarfélög

MENNTAMÁL Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna við Háskóla Íslands (RannUng) hefur gert starfssamning við fimm sveitarfélög til að auka þekkingu og gæði á leikskólastarfi. Sveitarfélögin eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Samningurinn er til þriggja ára og verður fyrsta rannsóknin um tengsl leiks við námssvið aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011.

Starfendarannsókn og þróunarvinna verður unnin í fimm leikskólum, einum í hverju sveitarfélagi, árin 2012 til 2014.

- sv

Smurstöðin Dalvegi og Bílaáttan hafa sameinast að Smiðjuvegi 30

Verið velkomin



"Sá smurði gengur"

Bíla...Áttan

Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400



Smiðjuvegur 30 - gul gata

Smurþjónusta og bifreiðaverkstæði

Engin transfita



Í Orville örbylgjupoppi eru engar
transfítusýrur!

Það verður að vera Orville...

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvenær var Íþróttasamband Íslands stofnað?
2. Hver er leikstjóri kvikmyndarinnar The Artist?
3. Hver er aðalsamningamaður Íslands í makríldeilunni við ESB og Noreg?

SVÖR

1. 28. janúar 1912. Michel Hazanavicius 3. Tómas H. Heiðar

8

Umhverfisráðherra hefur ákveðið hreindýrakvóta þessa árs:

Heimilt verður að veiða um þúsund hreindýr

DÝRALÍF Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, hefur ákveðið hreindýrakvóta þessa árs að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun. Heimilt verður að veiða allt að 1.009 dýr á árinu sem er fjölgun um átta dýr frá því í fyrra.

„Þetta er eins og við var að búast. Við höfum heyrt það frá Umhverfisstofnun að miðað við stofninn og beitarálag verði kvótinn í kringum þennan fjölda á næstu árum,“ segir Elvar Árni Lund, formaður Skotvís.

Elvar Árni segir að eftirspurn eftir veiðileyfum hafi verið fjörföld á síðasta ári og því ljóst að kvótinn nægi ekki til að uppfylla eftirspurn sem hafi aukist mikið á nokkrum árum.

„Við myndum gjarnan vilja sjá meira og leiðin til þess er að hreindýrum verði komið fyrir á fleiri svæðum. Það verða ekki veidd fleiri dýr nema þau nemi ný lönd og stofninn stækki,“ segir Elvar.

Heimilt verður að veiða 588 kýr og 421 tarf og skiptist veiðin á milli níu veiðisvæða. Veiðitímabilið er frá 1. ágúst til og með 15. september. Þó getur Umhverfisstofnun heimilað veiðar á törfum frá og með 15. júlí og lengt veiðitíma kúa til og með 20. september. Loks miðast tarfaveiði við tveggja vetra og eldri tarfa.

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðheimilda.



HREINDÝR Á AUSTURLANDI Heimilt verður að veiða 588 kýr og 421 tarf.

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

Hagnýt verkefnastjórnun

Afar gagnlegt og hnitmiðað nám fyrir þá sem koma að stjórnun verkefna, hvort sem þau eru stór eða lítil. Heimsþekkt aðferðarfræði kennd (PRINCE2) ásamt áhættugreiningu, breytingastjórnun, áætlanagerð með Project, skipulagningu með aðstoð hugarkorta og margt margt fleira. Halldór Kristjánsson verkfræðingur kennir. Bættu þér í hóp þeirra rúmlega 630 einstaklinga sem hafa sótt verkefnastjórnunarnám hjá okkur á liðnum árum.

Þriggja vikna nám hefst 6. febrúar (9:00-12:00)
Föstudagsnám hefst 10. febrúar (9:00-12:00)

Verð aðeins 89.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- og skoðuðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000

www.tv.is

Þetta eru þær!

Tímamóta daglinsur

Fyrstu linsur sinnar tegundar með allt að 80% raka í ytra lagi sem gera þær einstaklega mjúkar og þægilegar í notkun.



1 pk.
(30 linsur)
kr. 6.900

Hefur þér gengið illa að nota linsur?

Sjöntækjafraeðingur okkar hefur áralanga reynslu í að vinna með augnlæknum við að máta linsur á einstaklinga sem hingað til hafa átt erfitt með linsunotkun.



sjáðu skýrt
og sparaðu!

Eyesland
Gleraunavarslun
Glæsibæ, 5. hæð
Sími 577 1015
www.eyesland.is

Sakar tollverndaða um óeðlileg yfirboð

Forstjóri Haga kallar eftir því að samkeppnisyfirvöld skoði hvort matvælaframleiðendur haldi uppi verði með yfirboðum í tollkvóta. Um 40% kvóta á mjólkurvöru og svína- og kjúklingakjöti úthlutað til framleiðenda sem njóta tollverndar.

NEYTENDAMÁL Um fjörutíu prósent úthlutaðs innflutningskvóta fyrir þetta ár á mjólkurvöru og svína- og kjúklingakjöt féllu í skaut innlendra framleiðenda. Markmiðið með kvótunum, sem eru til komnir vegna samninga við Evrópusambandið og WTO, er að tryggja framboð á ódýrri, erlendra matvöru í litlu magni. Það markmið næst hins vegar ekki.

„Það er mjög óeðlilegt að aðilar sem njóta tollverndar hér á landi bjóði allt of hátt verð í eitthvert smánarmagn sem er flutt hingað inn á lægri tollum,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Þar vísar hann meðal annars til fyrirtækja á borð við Stjórnugris og Mjólkursamsöluna.

Finnur segir alveg ljóst hvert markmið þeirra sé með boðunum og þetta þurfi stjórnvöld að stöðva. „Það á að útiloka þá sem eru með þessa vernd frá þátttöku og koma þannig í veg fyrir að þeir hækki verðið á vörum,“ segir hann.

Finnur segir að há boð þeirra framleiðenda sem njóta verndar leiði til þess að útlendu vörurnar sem eiga að skila sér í hillur verslana á hagstæðu verði fyrir neytendum verði þegar upp er staðið dýrari eða í besta falli jafndýrar og þær innlendu.

Hann bendir á að tollkvótinn á kjúklingakjöti, það er rétturinn til að flytja það inn, hafi að þessu sinni verið seldur á 578 krónur kílóíð. Þá eigi eftir að kaupa vör-



FINNUR ÁRNASON



SKILAR SÉR EKKI TIL NEYTENDA Innflutta kjötið er á sama eða hærra verði en það innlenda, sem gengur þvert gegn markmiði samningsins um innflutningskvótana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

una, flytja hana inn og greiða af henni lágmarkstolla samkvæmt alþjóðasamningum. Það gefi augaleið að þetta geti ekki verið neytendum til hagsbóta.

Spurður hvort hann telji að samkeppnisyfirvöld ættu að taka þetta skoðunar segir hann engan vafa leika á því. „Að sjálfsögðu. Menn tala um að við séum stórir með 50 prósentu hlutdeild á markaði, en hérna erum við að eiga við aðila sem eru með allt að hundrað

prósenta hlutdeild – í mjólkinni er til dæmis einokun. Það eru framleiðendur sem njóta fullkominnar verndar á þessum markaði.“ Mikilvægt sé að rannsaka og girða fyrir yfirboð þeirra aðila í tollkvótana.

Finnur bendir sömuleiðis á að magnið sem leyfilegt sé að flytja inn sé alltof lítið. „Magnið er miðað við árið 1986 og hefur ekkert aukist í takt við almenna neyslu,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is

Fengu ekki lóð í Reykjavík undir nýtt fjölbýlishús og leituðu út fyrir borgarmörkin:

Aldraðir reisa blokk í Kópavogi

FRAMKVÆMDIR Tímamót urðu hjá Samtökum aldraðra fyrir helgi þegar tekin var skóflustunga að nýju fjölbýlishúsi á Kópavogstúni. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem samtökin byggja utan Reykjavíkur.

Leitað var til bæjaryfirvalda í Kópavogi þar sem ekki náðist samkomulag um lóð sem aldraðir höfðu hug á við Skógarveg í Reykjavík. Nýja húsið á að afhendast í nóvember 2013. Það þykir frábæra staðsett á svokölluðum Landspítalareit, rétt við hlið Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar og í göngufæri við Sundlaug Kópavogs.

UPPHAFSSKREF Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs í Kópavogi, tók í gær fyrstu skóflustunguna að fyrsta fjölbýlishúsi Samtaka aldraðra í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

LÍFIÐ

SJÓNVARP



TAKTU VÍSI
Á HVERJUM
MORNI!

visir



Ótrúleg verð!



Útsöluverð:
30.000 kr.

Lofthljós

Verð 49.900 kr.



Útsöluverð:
7.000 kr.

**Veggjljós
upp/niður**

Verð 14.900 kr.



Útsöluverð:
50.000 kr.

Lofthljós

SÝNISHORN
Verð 89.900 kr.



Útsöluverð:
30.000 kr.

Lofthljós

Verð 48.900 kr.



Útsöluverð:
4.500 kr.

Lofthljós

Verð 7.990 kr.



Útsöluverð:
40.000 kr.

Nestor

Verð 79.900 kr.

20% afsláttur af
heyrnartólum,
heilsuvörum og
smáraftækjum



Útsöluverð:
13.000 kr.

Góflampfi

Verð 18.900 kr.



Útsöluverð:
4.000 kr.

Borðlampfi

Verð 5.990 kr.



Útsöluverð:
2.500 kr.

Borðlampfi

Verð 3.990 kr.

Útsölu- lok!

Fjöldi lofthljósa og lampna á ótrúlega
góðu verði. Mikil verðlækkun á
sýnishornum!

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFAFF



KOSNINGABARÁTTA Í SJÓNVARPI Sham Lal Gandhi, framþjóðandi til þingkosninga á Indlandi, hefur fengið lítinn tíma til að kynna sig í sjónvarpi en greip til eigin ráða og hjólaði um bæ sinn með sjónvarp á höfðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

Ársreikningur Nýherja:

Nýherji tapaði 89 milljónum

VIÐSKIPTI Nýherji skilaði 89 milljóna króna tapi á árinu 2011. Til samanburðar var hagnaður fyrirtækisins 395 milljónir árið áður. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 sem birtur var í gær.

Á árinu seldi Nýherji vörur fyrir 16,5 milljarða króna og var rekstrarhagnaður 140 milljónir króna. Inni í þeirri tölu er 124 milljóna króna virðisrýrnun viðskiptavildar. Þá var nettó fjármagnskostnaður 224 milljónir. Í lok ársins voru eignir Nýherja 8,4 milljarðar og eigið fé 2,2 milljarðar. Handbært fé nam 316 milljónum króna.

- mþl



STEYPA Framleiðsla á steinsteypu losar um 3 milljarða tonna af koltvísýringi á heimsvísu á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk steypa verðlaunuð:

Íslensk steypa umhverfisvæn

IBNAÐUR Steinsteypa sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Ready-mix Abu Dhabi hafa þróað, undir stjórn Ólafs Haraldssonar Wallew, var nýverið valin umhverfisvænasta steinsteypa heims.

Steypan var verðlaunuð á Heimspingi hreinnar orku sem fór fram í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Hverju kíló af steypunni sem er framleitt fylgja einungis 50 grömm af koltvísýringi. Það er fjórðungur þess sem fylgir framleiðslu á hefðbundinni steypu af sama styrkleika. Árlega losar framleiðsla á steinsteypu um 3 milljarða tonna af koltvísýringi á heimsvísu.

- mþl

Orkuveita Reykjavíkur gerir samning við hollenska bankann ING:

OR ver sig fyrir sveiflum í álverði og vöxtum

VIÐSKIPTI Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hefur samþykkt áhættustefnu fyrir rekstur fyrirtækisins. Þá hefur fyrirtækið lokið samningum við hollenska bankann ING um áhættuvarnir gagnvart sveiflum í álverði og vaxtabreytingum.

„Þessi skref sem stjórnin hefur nú stigið miða öll í þá átt að auka stöðugleika og festu í rekstri Orkuveitunnar. Það er fyrirtækinu og orðspori þess líka afar mikilvægt að virt erlent fjármálafyrirtæki sýni stjórnun fyrirtækisins það traust að gera áhættuvarnasamning. Þar geta talsverðir fjármunir verið í húfi,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR.

Í nýju stefnunni eru helstu áhættuþættir í

rekstri fyrirtækisins skilgreindir auk mælikvarða við mat á þeim. Þá eru helstu aðferðir, markmið og mörk við daglega áhættustýringu tíundaðar.

Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að OR geti sinnt grunnhlutverkum sínum með sem minnstri röskun sökum óhagstæðrar þróunar þátta sem falla utan kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Þá hefur verið komið á fót svokallaðri endurskoðunarnefnd stjórnar sem skal hafa eftirlit með vinnulagi við reikningsskil og endurskoðun uppgjors. Þá mun hún fylgjast með innri endurskoðun og áhættustýringu fyrirtækisins auk þess að meta hæfi ytri endurskoðenda fyrirtækisins.

- mþl



ORKUVEITAN OR hefur varið sig gagnvart sveiflum í álverði. Samkvæmt níu mánaða uppgjöri OR 2011 myndi 10% breyting á álverði hækka eða lækka tekjur fyrirtækisins um 7 milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fullkomin óvissa ríkir um framtíð Náttúruminjasafns

Úttekt Ríkisendurskoðunar sýnir fram á að framtíð Náttúruminjasafnsins er í uppnámi. Stjórnvöld verða að taka af skarið og byggja safnið upp, ellegar móta nýja stefnu. Óbreytt starfsemi sögð soun á almannafé.

SAFNAMÁL Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu í stjórn-sýsluúttekt að Náttúruminjasafn Íslands uppfylli ekki lögbundnar skyldur sínar sem safn og höfuðsafn. Stjórnvöld verða að gera það upp við sig hvort safnið verði starfrækt og eftt sem sérstök stofnun, eða móta nýja framtíðarsýn og fella lög um safnið úr gildi.

Heilt yfir er úttekt Ríkisendurskoðunar staðfesting á því að framtíð safnsins er í algjörrí óvissu. Eins og staðan sé nú er almannafé sóað að mati Ríkisendurskoðunar og ekki verði áfram búið við að nýta fjármuni og mannaud með þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár.

Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri stjórn-sýslusviðs, segir aðspurð um megin- niðurstöðu úttektarinnar að vanda Náttúruminjasafnsins sé að finna í upphafinu. „Grunnurinn að vanda safnsins er lagasetningin.“

Í skýrslunni segir að vandi safnsins hafi verið fyrirsjáanlegur þegar lög um það voru sett vorið 2007. „Eins og fjármálaráðuneytið benti á í umsögn sinni um frumvarp til laga um safnið lágu þá engar áætlanir fyrir um uppbyggingu þess og rekstur eða fyrirhuguð útgjöld vegna þess. Líka var ljóst að lög um safnið og lög um Náttúrufræðistofnun sköruðust um margt.“

Ríkisendurskoðun telur mikil-



LOFTSKEYTASTÖÐIN Á MELUNUM Stjórnvöld féllust ekki á fjárveitingu til að setja upp litla sýningu á efri hæð hússins, sem er húsnæðinu til bráðabirgða. Aðstaða safnsins einskorðast við nokkur herbergi í kjallara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

“Grunnurinn að vanda safnsins er lagasetningin.”

KRISTÍN KALMANSDÓTTIR
SVIÐSSTJÓRI HJÁ RÍKISENDRUSKOÐUN

vægt að yfirvöld mennta- og menningarmála taki af skarið um það hvernig starfsemi safnsins verði háttáð í framtíðinni. Í skýrslunni er bent á tvo meginþætti í því sambandi. Annars vegar að efla safnið á núverandi grunni og tryggja að það hafi faglega og fjárhagslega burði til að sinna lögbundnu hlut-

verki sínu. Hins vegar að breyta forsendum og umgjörð starfseminnar í grundvallaratriðum. Þar er talið koma til greina að sameina Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun, en Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, svo gott sem hafnaði þeirri hugmynd í viðtali við Fréttablaðið í desember.

Í skýrslunni segir að safnið sé að mörgu leyti enn á byrjunarreit og uppfylli ekki lögbundnar skyldur sínar. Enn liggi ekki fyrir stefna fyrir safnið og starfsemin fari fram í óhentugu bráðabirgðahúsnæði sem setji safninu

þröngar skorður. Sýningarhald sé enn ekki hafið „og litlar líkur séu á því að fé fái á næstu árum til að koma upp framtíðarhúsnæði fyrir safnið.“

Ein af þeim skýringum sem Ríkisendurskoðun nefnir í úttekt sinni er að ekki hefur tekist að koma á eðlilegu samstarfi á milli Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar, þrátt fyrir lagaákvæði um slíkt samstarf. „Þvert á móti ríkir bæði tortryggni og togstreita milli þessara stofnana sem báðar gera að nokkru tilkall til sömu arfleifðar, stöðu, verkfarna og muna.“

svavar@frettabladid.is

Mikil reiði eftir dóm yfir liðsforingja sem fyrirskipaði árás þar sem 24 létust:

„Alvarlegur glæpur gegn saklausum“

ÍRAK, AP Stjórnvöld í Írak hyggjast leita réttar síns til að tryggja réttlátar málalýktir vegna dauða 24 óvopnaðra íraskra borgara í árás Bandaríkjamanna í bænum Haditha árið 2005.

Frank Wuterich liðþjálfari, sem fór fyrir herdeildinni sem drap fólkið, þar á meðal börn, var fyrr í síðustu viku dæmdur í herraítt fyrir að „bregðast skyldum sínum,“ en upprunalega kærán um manndráp af gáleysi var látin niður falla. Enginn annar úr sveitinni hlaut dóm.

Wuterich mun ekki þurfa að sitja í fangelsi, en var lækkaður í tign. Við uppkvaðninguna baðst hann afsökunar, en sagði gjörðir sveitarinnar hafa verið nauðsynlegar. Wuterich hleypti ekki sjálfur af skoti en fyrirskipaði árásina.

Dómurinn hefur valdið mikilli reiði í Írak. Fyrir helgi lét talsmaður stjórnarinnar, Ali al-Moussawi, þau orð falla að stjórnvöld myndu láta einskis ófrest að fyrir lögum til að réttlæti næði fram að ganga.

„Atvikid í Haditha var alvarlegur glæpur gegn saklausum borgurum,“ sagði hann.

Sveit Wuterichs réðist inn í hús í bænum eftir að einn félagi þeirra lést af völdum jarðsprengju. Atvik þetta var eitt af mörgum sem kom upp á svipuðum



DEILT UM DÓMINN Írakar eru afar ósáttir við að Frank Wuterich skuli ekki þurfa að sitja í fangelsi eftir að hafa fyrirskipað árás þar sem 24 saklausir borgarar, þar á meðal börn, létust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tíma og ollu straumhvörfum í álit almennings á innrásinni í Írak. Þar á meðal má nefna slæma meðferð bandarískra hermanna á fongum í Abu Ghraib fangelsinu.

- þj

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 530 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 6. febrúar (9:00-12:00)

Kvöldnámskeið hefst 7. febrúar (18:30-21:30)

Verð aðeins 109.900

Hagstæðir greiðsluskilmálar

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000

www.tv.is

40% AFSLÁTTUR

2.990
SPARAÐU 2.000

Samlokugrill hvítt
Áður 4.990

2.695
SPARAÐU 1.795

Handþeytari
Áður 4.490

2.990
SPARAÐU 2.000

Hakkari
Áður 4.990

50% AFSLÁTTUR

1.745
SPARAÐU 1.745

Útvarpsvekjari
Áður 3.490

2.495
SPARAÐU 4.990

Gufustraujám
2000W
Áður 4.990

1.495
SPARAÐU 1.495

Töfrasproti
Áður 2.990

2.495
SPARAÐU 2.495

Sléttujám
keramik
Áður 4.990

Flott baðvog úr gleri með LCD skjá
Áður 4.990

1.995
SPARAÐU 2.995

Hárblásari
1200W
Áður 2.490

915
SPARAÐU 1.375

60% AFSLÁTTUR

5.595
SPARAÐU 8.395

Djúpsteking-pottur stál
Áður 13.990

Naglasnyrtækir
Ath. 1 stk pr. viðskiptavin
Áður 2.490

750
SPARAÐU 1.740

1.000
SPARAÐU 3.000

Diskahitari
Takmarkað magn
Áður 3.990

450
SPARAÐU 1.040

Nefháraklippur
Áður 1.490

70% AFSLÁTTUR

DAEWOO

DWC-LD1612 Þvottavél & þurrkari
Ný byltingarkennd þvottavél með þurrkara. Direct Drive kola- og reimarlausum motor, sem tryggir lengri endingu og hljóðlátari vinnslu.

- ✓ Þvoðu allt að 9 kg og þurrkaðu 7 kg - allt að 60% meira pláss en í hefðbundinni þvottavél.
- ✓ Barkalaus þurrkari með rakaksynjara
- ✓ Hraðval og 20 mínútna hraðkerfi
- ✓ Timaskjár og framstillt ræsing möguleg
- ✓ 1600 sn. vindaúhraði með A einkunn
- ✓ AirBubble þvottatækni - 100% þvottaárangur og minna slit á þvotti.
- ✓ Ofnæmisskolun og kerfi með krumpuvörn

TOPPMÓDEL

XXL 9 KG

AAA EINKUNN

ÞVOTTAVÉL & ÞURRKARI

149.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!

Electrolux

ESF-63040 Uppþvottavél
Einföld og endingargóð uppþvottavél með öllum nauðsynlegum þvottakerfum

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. 30 mín. hraðkerfi, 70°C pottakerfi, og sparnaðakerfi
- ✓ Seinkun á ræsing 3 klst. möguleg
- ✓ Margbreytanleg innréttung
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ An topplötu

AAA EINKUNN

HLJÓBLÁT 49 dB

79.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!

ENN MEIRI AFSLÁTTUR*

ÚTSALA

LOKAÚTKALL

69.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SPARAÐU 20.000

appliance

AKK-60IND Spanhelluborð
Keramik helluborð með spansuðuhellum á öllum hellum

- ✓ 4 spansuðuhellur
- ✓ 2 x 14 cm 1,4 kW
- ✓ 2 x 18 cm 1,8 kW
- ✓ Sneritakkar á öllum hellum
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Verð áður kr 89.900

SPAN SUDA

Kostir spansuðu eru ótvíræðir. Allt að 50% tímasparnaður, orkusparnaður, nákvæmari hitastýring, léttari þrif og stórukið öryggi.

exquisit

KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur
Stór kæli- og frystiskápur í orkuflökk A+

- ✓ 273 lítra kæli og 68 lítra frystir með 3 skúffum
- ✓ HxBxD 177 x 55 x 57 cm
- ✓ Verð áður kr. 84.900

177 CM HÁR

69.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SPARAÐU 15.000

144 CM HÁR

59.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!

exquisit

GS-175ASI Frystiskápur stállitaður
175 lítra frystiskápur með 5 skúffum

- ✓ Orkuflökkur A+
- ✓ HxBxD 144 x 55 x 57 cm

29.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!

GH-60A Veggháfur
Glæsilegur veggháfur með glerskyggni

- ✓ Með halogen lýsingu
- ✓ 60 cm breiddur
- ✓ Fyrir kolasiu eða útblástur

ZANUSSI

ZCV-664MW Eldavél hvít
Eldavél með keramik helluborði og **XXL 69 lítra ofni**, u.þ.b. 30% stærri en áður.

- ✓ 7 eldunarkerfi þ.á.m. blástur, undir- og yfirhiti, grill og gratínering
- ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór hella
- ✓ Þrefalt gler í ofnhurð
- ✓ HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm

XXL OFN

BLÁSTUR

119.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
*ekki allar vörur

Suðurlandsbraut 16 108
Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenskir neytendur færa miklar fórnir:

Kostnaður krónu

Samkeppniseftirlitið birti í síðustu viku skýrslu sína um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Í henni kom fram að verð á dagvöru, sem samanstendur af helstu nauðsynjavörum heimila, hefði hækkað um 60% á síðustu sex árum. Sú verðhækkun skýrist ekki af aukinni álagningu verslana á vörum, heldur fyrst og fremst af ytri ástæðum, aðallega gengishruni íslensku krónunnar. Hún hefur rýrnað um meira en helming gagnvart evru á umræddu tímabili.

SKOÐUN

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Í skýrslunni segir orðrétt að „eftir gengislækkun krónunnar hefur matvöruverð á Íslandi færst frá því að vera hlutfallslega mun hærra til þess að vera því sem næst jafnt meðalmatvöruverði í ESB löndum, mælt í evrum á skráðu gengi. Í krónum talið hækkaði matvöruverð hans

vegar gífurlega eftir hrúnið“.

Samkvæmt skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti nýverið voru um 88% allra húsnæðislána í byrjun október síðastliðnum verðtryggð. Ársverðbólga mælist nú 6,5% sem hefur bein hækunarhrif á höfuðstól verðtryggðra lána. Hún er hvergi meiri innan EES-svæðisins. Óhætt er því að draga þá ályktun að krónan sé að valda íslenskum skuldurum miklu tjóni. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað um tæp 30% í dollurum talið frá byrjun árs 2008. Á sama tíma hefur smásöluverð á bensíni á Íslandi hækkað um 75%, í krónum talið, enda bensínið innflutt.

Samhliða ofangreindu hafa ráðstöfunartekjur Íslendinga eðlilega lækkað mun meira í hlutfallslegum samanburði við Evrópusambandslönd og kaupmáttur launa dregist saman. Hagur almennings hefur versnað til muna vegna krónunnar. Við slíkar aðstæður mætti ætla að framtíðar-peningamálafestna, og á hvaða gjaldmiðli hún ætti að byggja, hefðu verið helsta mál á dagskrá hérlendis síðustu þrjú árin. Því fer þó fjarri. Íslendingum hefur í raun tekist að rifast um nánast allt annað en það sem hefur mest áhrif á okkur.

Krónan hefur alltaf verið vandamál. Þegar Íslandsbanki hinn fyrsti var stofnaður árið 1924 fékkst ein íslensk króna fyrir hverja danska. Í dag þarf tæplega tvö þúsund og tvö hundruð íslenskar krónur til að kaupa eina danska, að teknu tilliti til þess að tvö núll voru fjarlægð aftan af þeirri íslensku árið 1981. Við reukum peningastefnu sem snýst um að halda verðbólgu innan við 2,5%, sem tekst nánast aldrei. Helsti kosturinn sem nefndur er við þetta fyrirkomulag er sá að þegar hagstjórnarflékkir stjórnmálamanna hafa komið okkur í nægilega vond mál þá sé hægt að fella gengið. Við það færast peningar frá heimilunum til útflutningsaðila og vöruskiptajöfnuði er náð líkt og töfrasprota sé veifað.

Samt er umræða um málið í lamasessi. Eini flokkurinn sem er með upptöku annars gjaldmiðils á stefnuskránni er í stjórnarsamstarfi við annan sem hefur algjörlega andstæða skoðun á málinu. Stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir virðast líka kjósa óbreytt ástand og því virðist mikill pólitískur meirihluti fyrir því að halda krónunni. Viðkvæðið er þá að þessari kynslóð stjórnmálamanna muni takast það sem aldrei áður hefur tekist í íslenskri hagsögu, að halda krónunni í skefjum. Íslenskir neytendur þurfa hins vegar, í ljósi ofangreindra atriða, að gera upp við sig hvort buddan heimili þeim að trúá slíkum málflutningi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.optima.is

Rekstrarvörur

á betra verði

Hafðu samband
S. 588 9000

Fáðu tilboð
OG ÞÚ SPARAR!

KATUN
PERFORMANCE
Tönerhylki og varahlutir í flesta prentara.

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vilhöllu fjölmiðlarnir

Fjölmiðlar liggja gjarnan undir ámæli fyrir að hygla hinum og þessum. Vinstrimmenn segja fjölmiðlunum stýrt af innmúruðum sjálfstæðismönnum, hægrimmenn sjá kratasamsæri og blaðafulltrúa Steingríms J. Sigfússonar í hverju horni og aðrir gráta yfir því að þeirra sjónarmið komist aldrei að – en gleyma reyndar iðulega að spyrja hvort sökin geti mögulega legið hjá þeim sjálfum. Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarmanna, var sá síðasti fram á þann völl. Honum fannst RÚV eyða allt of miklu púðri í að

kynna almenningi ný framboð á kostnað viðtala við hann sjálfan.

Nagli á höfuð

Samflokkskona Gunnars Braga, þingkonan Eygló Harðardóttir, gerir þetta að umtalsefni í athugasemdakerfinu á bloggsíðu sinni, og kemst að niðurstöðu sem heimfæra má á alla fjölmiðla: „Á meðan fulltrúar allra flokka kvarta tel ég að RÚV sé að gera sitt. Ég myndi fyrst fara að hafa áhyggjur ef menn hættu að kvarta.“ Þar hittir Eygló að sjálfsgöðu naglann á höfuðið.



Fíaskó

Enn bisa pólitíkusar í Kópavogi við að reyna að mynda starfhæfan meirihluta. Það gengur ekki vel. Í gær gat Guðrún Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, ekki einu sinni svarað því hvort til greina kæmi að Guðrún Pálsdóttir yrði áfram bæjarstjóri. Ætla mætti að því væri auðsvarað – enda sprakk meirihlutinn á því að Guðrún gat bókstaflega ekki beðið eftir að losna við Guðrúnu. Það yrði í meira lagi bjánaleg framvinda ef það breyttist – en kannski í takti við annað.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Tillögur sem skaða ferðaþjónustu

Umhverfismál



Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar

Stuðningur almennings við náttúruvernd shefur aukist að undanförunu, ekki síst vegna vaxtarmöguleika í ferðaþjónustu. Ferðamönnum sem hingað koma fjölga mikið á milli ára og með því aukast gjaldyrstækjur um tugi milljarða króna. Óspillt náttúra er forsenda þessa vaxtar. Í könnun Ferðamálastofu síðastliðð sumar sögðu tæp 80% erlendra ferðamanna að íslensk náttúra hefði haft mikil áhrif á þá ákvörðun að sækja Ísland heim og 72% töldu náttúruna helsta styrkleika íslenskrar ferðaþjónustu. Viðtöl fjölmiðla við erlenda ferðamenn verða heldur ekki til þess að draga úr væntingum til náttúrutengdrar ferðaþjónustu.

Nýverið birtist t.d. viðtal í dagblaði við 75 ára Bandaríkjamann sem ferðast hefur til 62 landa. Vitnisburður hans undirstríkar hvers konar perla landið okkar er: „Íslensk náttúra er hreint út sagt ótrúleg. Fossarnir eru alveg sérstaklega fallegir. Ég hef séð marga fossa í Bandaríkjunum, en þeir jafnast ekkert á við fossana hér á Íslandi. Landslagið er stórbrotið og ég held að það sé mjög erfitt að komast í tæri við samberilegar náttúruperlur og finna má hér á Íslandi annars staðar í heiminum.“

Vegna aukins mikilvægis ferðaþjónustu

er fróðlegt að kynna sér afstöðu Samtaka ferðaþjónustunnar til draga að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða (Rammaáætlun). Samtökin telja að of mörgum svæðum verði fórnað undir virkjanir samkvæmt drögunum. Þau vekja meðal annars athygli á að fyrirhugaðar virkjanir á hálandinu, við jadar stærsta þjóðgarðs Evrópu, muni eyðileggja verðmæt viðerni sem ferðmenn ferðast um langa leið til að njóta. Þá leggjast samtökin einnig gegn tillögum um virkjanir á jarðhitasvæðum Suðvesturlands með þeim rökum að svæðin séu gríðarlega mikilvæg fyrir styttri náttúruskoðunarferðir frá höfuðborgarsvæðinu, t.d. fyrir sívaxandi fjölda ráðstefnugesta. Hægt er að kynna sér umsögð samtakanna í heild sinni á vef rammaáætlunar, rammaaetlun.is.

Á sama tíma og það rennur upp fyrir flestum hversu dýrmaet auðlind náttúran er þá gera tillögur rammaáætlunar ráð fyrir að fórna fjölda verðmætra svæða undir lítt arðbærar virkjanir. Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra eru nú með þessi drög á sínu borði og vinna úr þeim tillögu sem verður vonandi lögð fyrir Alþingi á næstunni. Mikilvægt er að sú tillaga taki ríkt til til vaxandi ferðaþjónustu.

Ögmundur og íhaldið



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
riðhofundur

Sagnfræðingar tala um að stéttastjórnsmál hafi leyst sjálfstæðisstjórnsmál af hólm árið 1916 þegar Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru stofnaðir til að gæta hagsmuna verkalýðs og bænda á meðan höfðingjarnir skiptust í flóknar þversum og langsum fylkingar eftir afstöðunni til sambandsins við Dani og sameinuðust ekki í einn flokk fyrr en 1929 í Sjálfstæðisflokknum. Æ síðan hefur sá flokkur verið okkar Kongressflokkur – valdaflokkurinn, vettvangurinn.

En sjálfstæðisstjórnsmálin hurfu aldrei. Alla okkar fullveldistíð hafa þau verið stunduð af stjórnsmálsmönnum samhliða hagsmunagæslu fyrir stéttir en einkum þó alls kyns bræðralög og hyglunarsamvinnufélög. Það hefur verið stjórnsmálsmönnum rík freisting að draga upp einfalda mynd af andstæðum hagsmunum lítillar þjóðar og svo þjóðanna í kring. Samkvæmt þeirri hugmynd fara hagsmunir allra Íslendinga saman, alltaf; það séu „okkar“ hagsmunir að íslenskir útgerðarmenn eigi og selji hver öðrum aflaheimildir (og feli arðinn í aflöndum) fremur en að þjóðin selji þessar heimildir hæstþjóðanda. En útgerðarmenn á Íslandi eru ekkert Íslendingar eða útlendingar. Þeir eru aflendingar.

Dvöl ameríska hersins hér á landi ruglaði allt. Menn gátu verið íhaldssamir í þjóðmálum, hálfgerðir lénskerfissinnar í atvinnumálum, andvígir félagslegum réttindum, þéttbýlismyndun og frelsi fólks til að stjórna lífi sínu og þar fram eftir götunum en jafnframt andvígir veru hersins – sem gerði þá að vinstri mönnum samkvæmt ríkjandi skilgreiningu; og svo gátu menn verið frjálslýndir stuðningsmenn réttinda fyrir alþjóðu, jafnréttissinnar og áhugamenn um fagurt mannlíf fjóldans fremur en auðsöfnun hinna fáu en jafnframt aðhyllt vestræna samvinnu, vestrænt gildismat – og voru því kallaðir hægri menn fyrir vikið.

Sjálfstæðisstjórnsmálin gera að verkum að við horfum upp á nýstárlega rekkjunauta í pólitík-

inni. Þannig hefur sameiginleg andúð á Evrópusambandinu skapad sterk tengsl milli Ögmundar Jónassonar og nokkurra grámyglulegustu íhaldsmannanna úr repúblíkana-armi Sjálfstæðisflokksins. Við því er kannski lítið að segja nema kjósendur Ögmundar í suðvesturkjördæmi hafa sennilega ekki gert sér grein fyrir því að þeir væru að kjósa Davíð Oddsson.

Sérhver verður að finna sér sálufélag við hæfi. Það er hins vegar þekkt að þegar ungir og vænir menn lenda í vondum félagskap hyllast þeir til þess að reyna að sanna sig með því að ganga enn lengra í óknytunum en eldri meðlimir klíkunnar. Ýmislegt bendir til að þetta hafi einmitt hent Ögmund; hann hélt um daginn ræðu um embættismenn sem ánetjast hafi ferðum til Brussel. Hann gaf til kynna að það fólk sem svo átti að heita forðum að hann ætti samleið

„Endurtekin brigsl Ögmundar Jónassonar um mútupægni þeirra sem vilja ganga í ESB („glerperlur og eldvatn“) eru satt að segja alveg óbærileg.

með, og væri raunar í forsvari fyrir – opinberir starfsmenn – láti stjórnast í starfi sínu að Evrópusamstarfi af stjórnlausri fíkn í ferðalög til Brussel, rétt eins og ferðalög séu enn sjaldgæf gæði hér á landi.

Hann lét að því liggja að þetta fólk leggi sig ekki fram í þágu lands og þjóðar, vinni störf sín ekki af heilinum en sé með hugann við að komast til Brussel, það sem það hafi fram að færa sé ekki marktækt. Þetta er ófyrirleitið lýðskrum af því tagi sem maður gæti vænst að sjá hjá bullunum á amx.is en varla frá fyrrum formanni BSRB. Hvernig á hann að verjast slíkum ásökunum? Hvernig er hægt að neita því að maður láti stjórnast af lágum hvötum? Með þessu tali reynir Ögmundur að grafa undan því fólk sem á nú í samningaviðræðum við Evrópusambandið, vekja tortygni í garð þess. Innanríkisráðherrann er ekki einungis í stjórnarandstöðu við þá ríkis-

stjórn sem hann situr í – hann er líka andvígur því fólk sem starfar í stjórnsýslunni. Hann er á móti öllum – nema Davíð.

Það er alls ekki slæm tilhugsun að vera utan Evrópusambandsins. Það má alveg hugsa sér litla og knáa eybjóð í norðri sem lifir af þeim gæðum sem landið og miðin í kring gefa og selur varning sinn um allar jarðir; þjóð sem nýtir sér vakin og sofin hátækni og öll tækifæri sem þjóðast í ört minnkandi heimi til að ná góðum tengslum við fjarlægjar þjóðir á eigin forsendum.

Og svo framvegis. Þetta er ágætt. Að vísu skulum við muna að þann tíma sem Ísland hefur verið fullvalda lýðveldi var það lengst af undir verndarvæng Bandaríkjamanna. Það kostaði sitt og fyrir það fékkst eitt og annað, eins og lesa má um í bókum Vals Ingimundarsonar: Íslenskar ríkisstjórnir voru ódeigar að rukka Bandaríkjamenn fyrir aðstöðuna hér á landi – ekki síður svonefndar vinstri stjórnir en hinar.

Bandaríski herinn fór á haustdögum 2006. Íslendingar brugðust við með því að hefja stórsókn til Evrópu til að leggja hana undir sig – með lánsfé. Tveimur árum síðar bað Geir Haarde guð að blessa Ísland.

En það má alveg hugsa sér að vera utan Evrópusambandsins. Þó það nú væri. En það má líka alveg hugsa sér að vera innan þess. Og óskandi væri að þjóðin fengi stjórnsmálsmenn sem litu á þetta mál út frá sjónarmiðum stéttastjórnsmálanna, út frá hagsmunum fólks, lífsjörum, fremur en að lifa sig inn í ræður frá 19. aldar sjálfstæðisstjórnsmálum.

Getum við ekki að minnsta kosti reynt að tala saman eins og fólk? Endurtekin brigsl Ögmundar Jónassonar um mútupægni þeirra sem vilja ganga í ESB („glerperlur og eldvatn“) eru satt að segja alveg óbærileg. Vera má að þessum gamla verkalýðsforingja finnist ekki skipta máli hvort lífskjör batna við innngöngu eður ei en aðrir hafa af því áhyggjur af við kunnum að missa unga fólk með okkar úr landi ef hér er ekki gott að búa, gott andrúmsloft, góð laun, góð lána-kjör, góðir stjórnsmálsmenn. Sem stendur – hér í heiðinni þar sem allt er „ósköp frjálst“ – höfum við ekkert af þessu. Það er sagt að þjóðir fái þá stjórnsmálsmenn sem þær eiga skilið. Það er ekki satt. Engin þjóð á skilið að búa við stjórnsmál af þessu tagi.

Undirskrift þín til forsetans skiptir máli

Forseta-embættið

Guðni Ágústsson

fv. alþingismaður og ráðherra



Nú getur fólk nálgast áskorunarlista á forsetann á þremur vefmiðlum. Það er með því að fara inn á visir.is, mbl.is og askoruntilforseta.is. Fólk skrifar fullt nafn í reitinn og kennitölu sína, enginn getur skráð sig nema einu sinni á einum stað. Áður en áskorendalistanum verður skilað til forsetans verða nöfn og kennitölur bornar saman við þjóðskrá. Þeir sem ekki eru til samkvæmt kennitölu verða felldir út af listanum.

Allur þessi spuni um að Mikki mús og Denni dæmalausi og hún Mjallhvít litla hafi skrifað sig á listann er sjálfsgott rétt, þetta góða fólk vill taka þátt í öllu sem skynsamlegt er en þau standast ekki prófið við þjóðskrána af því að þau eiga enga lögformlega kennitölu. Og verða því sett út af stuðningslistanum, eins og aðrir þeir sem ekki eru til.

Mikill kraftur í undirskriftunum.

Aldrei hefur undirskriftasöfnun eða áskorun farið jafnvel af stað eins og nú, hvað varðar þessa áskorun á forsetann okkar. Ástæður þessa eru margar en fyrst og fremst þær að Ólafur Ragnar Grímsson forseti hefur reynst mikilvægur málsvari þjóðar sinnar, veitt öryggi og traust á tímum sundrunar og reiði hér innanlands. Málflutningur hans hefur reynst mikilvægur bæði innanlands og ekki síður erlendis og þá sérstaklega í Evrópu. Við höfum átt í illvígum deilum við Breta og Hollendinga og nú Evrópusambandið út af icesave-skuldum sem okkur sem þjóð bar aldrei að borga. Ég bið alla þá sem eru okkur stuðningsmönnum forsetans sammála að skrá sig og þannig hvetja hann til þess að verða við kalli fólksins um að halda utan um öryggisventilinn næstu fjögur árin.

Ólafur Ragnar þorir

Ólafur Ragnar Grímsson hefur verið forseti sem hefur þorað að taka ákvarðanir og tala máli Íslendinga á erlendri grundu í erfiðustu málum samtímans. Við

skulum viðurkenna að þar fyllti hann upp í tómarúm þar sem stjórnsmálsmennirnir og forystumenn landsins hikuðu eða brugðust.

Enginn gleymir hvernig hann tókst á við Bretana út af hryðjuverkalögunum sem þeir settu á Ísland, mesta niðurlægning sem Íslendingar hafa orðið fyrir í sögu sinni. Hann virkjaði síðan 26. gr. stjórnarskrárinnar á neyðarstundu í icesave-málinu. Og þjóðin fékk tækifæri til að hafna að borga skuldir óreiðumanna og einkabanka í tvígang. Lýðræðislegt afrek sem margar aðrar þjóðir virða og þakka íslensku þjóðinni fyrir í dag. Yfirgangur og frekja fjármálsmannanna eða þeirra gráðugu stendur enn yfir, þeir vilja græða þegar vel gengur en alþýðan skal taka við ósömanum þegar allt hrynur af þeirra völdum. Við og heimurinn allur verðum á ný að styrkja stöðu hinna högværu og heidarlegu athafnamanna sem vinna fyrir fólk sitt, byggðina sína og landið sitt.

„Enginn gleymir hvernig hann tókst á við Bretana út af hryðjuverkalögunum sem þeir settu á Ísland, mesta niðurlægning sem Íslendingar hafa orðið fyrir í sögu sinni.

Lýðræðisleg átök eru framundan.

Ólafur Ragnar Grímsson er lýðræðissinni, góður málsvari þjóðar sinnar inn á við og ekki síður út á við. Á tímum óvissu og pólitískrar upplausnar bæði hér og um veröld alla, er mikilvægt að maður sem hefur sýnt bæði kjark og þor gegni forsetaembættinu áfram.

Fram undan eru átök um stjórnarskrá, þjóðaratkvæðagreiðslur um stöðu Alþingis og hlutverk forsetaembættisins. Átök um aðild að Evrópusambandinu, glímunnar við yfirþjóðlegt vald. Því skora ég á alla Íslendinga að skrifa undir áskorun á forsetann að gefa kost á sér til starfa á Bessastöðum næsta kjörtímabil.

ÚTSAALA

**Teppi og dúkar
25% afsláttur**

**Þúsundir fermetra
af flísum með
20 -70% afslætti**

**Baðherbergisvörur
20 -70% afsláttur**



ALFABORG

Skútuvoði 6 • Sími 568 6755

Í orði en ekki á borði

Menntamál

Hrefna Sigurjónsdóttir

framkvæmdastjóri Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra



Borgaryfirvöld sæta harðri gagnrýni um þessar mundir fyrir hvernig staðið er að sameiningu skóla í Grafarvogi og foreldrar í Hvassaleitisskóla eru xefir yfir skorti á samráði. Upplýsingaflæðið er slakt og foreldrar fá ekki svör við þeim spurningum sem brenna á þeim. Þetta skapar óvissu sem leiðir af sér óöryggi og kvíða fyrir því sem koma skal. Hér er um framtíð barna að ræða og því eðlilegt að foreldrar vilji skýrari svör og einhvers konar staðfestingu á því að gæði skólustarfsins verði ekki skert.

janúar síðastliðinn með skólastjórnendum og skólafyrirvöldum. Þar mótmæltu foreldrar þeim áformum að skólafyrirvöld ætli að hýsa stóran hluta nemenda Breiðagerðisskóla í Hvassaleitisskóla næsta vetur meðan byggingarframkvæmdir standa yfir í Breiðagerðisskóla. Stjórn foreldrafélagsins segir þetta gert án lögbundins samráðs við foreldra og skólarað. Á sama tíma standi yfir viðkvæmt og umdeilt sameiningarferli í Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla.

Þarf þetta að vera svona? Hvers vegna er ekki hægt að virða lög og reglur um virkt samráð? Hér er ekki einungis um rétt foreldra að ræða heldur einnig auknar líkur á farsælli niðurstöðu. Reynslan sýnir að virkt samráð tryggir betri lausn. Ekki er um raunverulegt samráð að ræða ef

Sameiningunni var mótmælt á fjölmönnum fundi þar sem um 200 foreldrar komu saman og gagnrýndu slægan undirbúning og sýndarsamráð. Enginn fulltrúi skólafyrivalda var á svæðinu.

Frá því að tillögur starfsþóps um sparnað í skólakerfi Reykjavíkurborgar voru kynntar í borgarráði í mars 2011 hefur talsverður titringur verið í kringum sameiningarferlið. Vissulega skapa breytingar alltaf ákveðna óvissu en ítrekað er rætt um að þá skipti sköpum að viðtækt samráð sé viðhaft og allur undirbúningur vel ígrundaður. Formaður foreldrafélags Hamraskóla í Grafarvogi sem sat í stýrihópi borgaryfirvalda um sameiningu unglingsdeilda í þremur grunnskólum í borgarhlutanum hefur nú sagt sig úr hópnum. Ástæðan var skortur á samráði. Spurningum hennar var ekki svarað og þeim vísað frá umræðu þar sem þetta þótti ekki rétti vettvangurinn. Hvaða vettvang átti fulltrúi foreldra þá að nota? Sameiningunni var mótmælt á fjölmönnum fundi þar sem um 200 foreldrar komu saman og gagnrýndu slægan undirbúning og sýndarsamráð. Enginn fulltrúi skólafyrivalda var á svæðinu.

Stjórn foreldrafélags Hvassaleitisskóla sendi frá sér harðorða yfirlýsingu í kjölfar fundar sem haldinn var 24.

foreldrum er ekki veittur raunhæfur frestur og tækifæri til að kynna sér breytingar og hafa áhrif á þær. Formaður Heimilis og skóla, Ketill B. Magnússon, kynnti áskorun til sveitarfélaga og skólafyrivalda á skólalþingi sveitarfélaga 4. nóvember 2011 þar sem óskað var eftir samráði við foreldra (sjá heimasíðu samtakanna <http://heimilioskoli.is>). Þar kom m.a. fram að kynning á niðurstöðum án möguleika til áhrifa, eins og einhver sveitarfélög hafa gert að undanförnu, sé sýndarsamráð og Heimili og skóli fordæma slík vinnubrögð.

Til eru dæmi um gott samráð við fulltrúa foreldra um skólamálefni þar sem hlustað er á og tekið tillit til sjónarmiða foreldra. Hvernig væri að fylgja góðu fordæmi? Þegar foreldrar láta í sér heyra og eru augljóslega ósáttir við stöðu mála þá væri heillavænlegast fyrir skólafyrirvöld og borgarfulltrúa að láta það eiga sig að stökkva í hinar pólitísku skotgrafir. Þær eru til þess gerðar að fresta því að viðunandi lausn náist, líkt og tíðkast hefur með raunverulegar skotgrafir. Ræðum saman og finnum góða lausn.

Betri er krókur en kelda

Nýr Landspítali

Ingimar Einarsson
ráðgjafi um
mótunarstefnu í
heilbrigðismálum



myndi duga til að borga niður væntanlegt lán lifeyrissjóðanna á nokkrum áratugum.

Breytt skipulag og áherslur

Í nágrannalöndum okkar standa yfir viðtækar breytingar á þjónustu sjúkrahúsa. Síðustu tveir áratugir hafa reyndar einkennst af sameiningu sjúkrahúsa og aukinni tæknivæðingu. Þessar breytingar hafa einkum verið gerðar í ljósi þess að aukin sérhæfing í sjúkrahúsrekstri kalli á stærri einingar og samþættingu starfsmanna á stærri landsvæðum en áður. Með hliðsjón af yfirstandandi breytingum á stofnunum heilbrigðiskerfisins mætti ætla að innan fárra ára verði aðeins tvö sjúkrahús sem geti staðið undir nafni sem sérgreina- og hátæknisjúkrahús á Íslandi, þ.e. Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA).

Í kjölfar þessara umskipta er það hald margra að á landsbyggðinni verði grunnþjónusta á sviði heilsugæslu og öldrunarþjónustu mest áberandi. Engu að síður má telja víst að stærstu landsbyggðarsjúkrahúsin muni áfram gegna veigamiklu hlutverki sem vettvangur fyrir m.a. minni inngrip og þjónustu við langveika sjúklinga. Við upplifum nú einnig þær breytingar að í stað megináherslu á sérhæfða meðhöndlun og lækningar sjúkdóma er nú æ ríkari áhersla lögð á forvarnir, heilsuvernd, greiningu og fræðslu, auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og annarra áfalla. Þessum viðfangsefnum er í vaxandi mæli gert jafn hátt undir höfði og annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu.

Ný umgjörð

Ef marka má það sem komið hefur fram í greinarskrifum dagblaðanna undanfarið, virðist umræðan um nýja Landspítalan vera á villigötum. Í stað þess að líta á heilbrigðiskerfið í heild sinni og meginþætti þess, skipa menn sér í fylkingar með eða á móti nýja Landspítalanum. Nær væri að setja sér markmið um að tryggja betra jafnvægi milli heilsugæslu, sérgreinalæknings og sjúkrahúsþjónustu. Til þess að svo megi verða er brýnt að skapa umgjörð um samvinnu og skipulag þjónustubátta sem tæki

á helstu heilbrigðisvandamálum þjóðarinnar og legði sömuleiðis línurnar fyrir markvissari forgangsröðun verkefna.

Heilsugæslan hefur átt undir högg að sækja um langt árabil jafnvel þótt hin síðari ár hafi verið skýrt kveðið á um að hún skuli að jafnaði vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Nú vantar fjölda heimilislækna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Til þess að ná jafnvægi í mönnum heilsugæslunnar þyrfti að tryggja að um helmingur þeirra lækna sem útskrifast næstu tíu árin leggi fyrir sig heimilislækningar. Jafnhliða er mikilsvert að þess verði freistað að koma á skipulegri þjónustustýringu til að tryggja samfellu í þjónustu við sjúklinga. Áætlun um frekari uppbyggingu og þróun heilbrigðiskerfisins getur þannig ekki leyft sér að taka aðeins mið af eflingu sjúkrahúsþjónustunnar.

Samhæfð áætlun

Endanleg niðurstaða um hvort ráðist verður í byggingu nýja Landspítalans verður væntanlega tekin á Alþingi á yfirstandandi þingi. Sú ákvörðun mun trúlega ráðast af því hvort ríkisstjórninni takist að sannfæra þingheim um hvort fjárhagslegur, jafnt sem faglegur grundvöllur sé fyrir framkvæmdinni. Enginn vafi er á því að nýr Landspítali muni verða flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu og lyftistöng fyrir alla meðferð, lækningar, kennslu og lannsóknar- og þróunarstarf í landinu. Jafnmikilvægt er að tryggja að samtímis verði ráðist í eflingu heilsugæslunnar og tryggt að forvörnum og heilsuvernd sé sinnt til samræmis við það sem best gerist annars staðar. Ekki verður heldur litið framhjá því að starfsemi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna er einn af grunnþáttum heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi.

Núverandi staða heilbrigðismála kallar á raunhæfa framtíðarsýn og samhæfða framkvæmdaáætlun. Sú áætlun verður að taka jafnt til uppbyggingar hins nýja spítala sem og eflingar heilsugæslunnar. Til að forðast misskilning skal að lokum undirstrikað að þessi verkefni þola ekki langa bið.

Íslenskar búvörur styrkja samkeppni á matvörumarkaði

Samkeppni

Erna Bjarnadóttir
hagfræðingur
Bændasamtaka Íslands



Verð á Íslandi á þessum vörum var 28% herra en að meðaltali innan Evrópusambandsríkjanna 27 árið 2009.

Nær enginn munur var á innkaupsverði verslana á mjólk og mjólkurvörum en 6% munur á fersku svínakjöti og 10% á lambakjöti. Niðurstæða Samkeppnisfirlitsins er sú að þar hafa smærri verslanir meiri möguleika á verðsamkeppni en í flestum öðrum vöruflokkum.

Ein af meginniðurstöðum Samkeppnisfirlitsins til að bæta samkeppnisáðstæður á smásölumarkaði er að dregið verði úr innflutningstakmörkunum á búvörum. Ritstjóri Fréttablaðsins grípur þetta á lofti í leiðara blaðsins 27. janúar sl. Aukinn innflutningur yrði væntanlega að verulegu leyti í höndum birgðahúsa stóru verslanasamstæðanna sem við það myndu setjast í ráðandi stöðu á verðlagningu þessara vara á markaðnum. Skýrslan staðfestir einmitt að sú sé reyndin í dag á innfluttum vörum þar sem birgðahúsin, einn stór eða örfáir innlendir birgjar, hafa ráðandi stöðu. Hvernig aukinn innflutningur getur leitt til jafnari samkeppnisáðstöðu milli verslana á markaðnum er vandséð í þessu ljósi.

Afnám tollverndar mun auka svigrúm smásölnunnar til að bæta stöðu sína á kostnað bændna og mun að öllum líkindum leiða til breytinga á verðmyndun búvára þannig að stærri hluti álagningarfalli smásölnunni í skaut. Sú reynsla sem vísað er til af breytingum á umhverfi garðyrkju er ekki einhlít. Ræktun á papriku dróst umtalsvert saman eftir að tollar voru felldir niður árið 2002 og hafði ekki náð fyrri stöðu árið 2010. Griðarlegar framfarir hafa á sama tíma orðið í ræktun tómatu og agúrku og þessar afurðir eru nú ræktaðar árið um kring. Í Finnlandi var reynslan við aðild landsins að ESB sú að völd smásölnunnar jukust og að vinnslu og smásölu hafi gengið mun betur að viðhalda eigin álagningu en bændum. Áhugi fyrirtækja í verslun með dagvöru á afnámi innflutningshæfta er hins vegar skiljanlegur í þessu ljósi. Íslenski matvörumarkaðurinn er örmarkaður og um 70% hans á höfuðborgarsvæðinu. Ef til stórfellds innflutnings kemur á búvörum mun verða auðvelt fyrir fjársterka aðila að ryðja innlendri framleiðslu af markaði með undirboðum eða ódýrri erlendri umframframleiðslu. Hvað verður þá um bændur og minni verslanir?

Miele

Miele þvottavélar og þurrkarar

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Gerið hreinlega **frábær kaup** á eðal heimilistækjum!

<p>Þvottavél LAVAMAT 62840</p> <p>1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 64840</p> <p>1400 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 129.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 109.900,-</p>	<p>Uppþvottavél FAVORIT 45010-W/M</p> <p>Tekur 12 manna stell 5 þvottakerfi Turbo-þurrkun Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW) Orkunýtni: A Þvottahæfni: A Þurrkhæfni: A</p> <p>Listaverð: 109.900,- Þú sparar: 99.900,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 109.900,- HVÍT STÁL</p>	
<p>Þvottavél LAVAMAT 74850</p> <p>1400 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 169.900,- Þú sparar: 25.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 144.415,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 76850</p> <p>1600 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,- Þú sparar: 26.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 152.915,-</p>	<p>Þurrkari LAVATHERM T56740</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 139.900,- Þú sparar: 20.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 118.915,-</p>	
<p>Þurrkari LAVATHERM T55460</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 30.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél ZWH6125</p> <p>1200 snúninga vél Tekur 7 kg af þvotti Öll hugsanleg þvottakerfi Þvottahæfni: A Þeytivinduafköst: B Orkuflökkur: A+ Íslenskar leiðbeiningar</p> <p>Listaverð: 89.900,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 89.900,-</p>	<p>Þurrkari ZTA140</p> <p>Barkapurrkari Taumagn: 6 kg Tímarofi Krumpuvörn Riðfrí tromla Snýr tromlu í báðar áttir</p> <p>Listaverð: 76.900,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 76.900,-</p>	
<p>Þvottavél & þurrkari LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Listaverð: 119.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Listaverð: 119.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 239.800,- Þú sparar: 40.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 199.800,-</p>		<p>Þvottavél & þurrkari LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1400 snúninga · Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók Listaverð: 169.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Stafrænn framvinduskjór Íslensk notendahandbók Listaverð: 149.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 319.800,- Þú sparar: 55.465,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 264.335,-</p>	

Umboðsmenn um land allt



LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
Í TÓLF MÁNUÐI

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



BORIS SPASSKY skákmeistari er 75 ára í dag.
„Það má líkja klassískri skák og hraðskák við leikhús og kvikmyndir – sumir leikarar hafa óbeit á kvikmyndum og vilja frekar vinna í leikhúsi.“

Merkisatburðir 30. janúar

- 1790** Fyrsti björgunarbáturinn prófaður á Tyne-ánni í Englandi.
- 1933** Adolf Hitler settur í embætti kanslara Þýskalands.
- 1945** Mannskæðasti skipstapi sögunnar, þegar sovískur kafbátur sökkvir þýska skipinu Wilhelm Gustloff og 9.343 farast.
- 1971** Frost mælist 19,7° í Reykjavík sem er það kaldasta síðan 1918.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,
Jóhannes Guðmann Kolbeinsson
Til heimilis að Ljósheimum 10a Reykjavík

Verður jarðsönginn frá Langholtskirkju
Þriðjudaginn 31. Janúar, kl. 13:00.

Ari Þórólfur Jóhannesson Vilborg Jónsdóttir
Kolbrún Edda Aradóttir Davíð Einarsson
Jón Trausti Arason Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Tinna Aradóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og dóttir,
Kristín Sigurvinsdóttir
Framnesvegi 15, Keflavík,

Iést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn
25. janúar. Útför verður frá Keflavíkarkirkju
föstudaginn 3. febrúar kl. 13.00.

Hreinn Steinþórsson Ágústa K. Jónsdóttir
Sigurvin Hreinsson Elísabet Kristinsdóttir
Steinþór Hreinsson Þorgerður Halldórsdóttir
Jóhann Hreinsson barnabörn
Jóhanna Karlsdóttir



Ástkær faðir okkar,
Ingimundur Eyjólfsson
Hafnarbraut 23, Kópavogi,

Iést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn
22. janúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

Jón Þórir Ingimundarson
Elín Ingimundardóttir
Vigdís Gígja Ingimundardóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sæmundur Haraldsson
Dalbraut 7, Grindavík,

Iést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn
25. janúar. Útförin fer fram frá Grindavíkarkirkju,
fimmtudaginn 2. febrúar kl. 14.00.

Vilborg Ásgeirsdóttir
Kristín Sæmundsdóttir Gísli Sveinsson
Jón Steinar Sæmundsson
Þorvaldur Sæmundsson Steinunn Ingvarsdóttir
Stefán Sæmundsson Linda Agnarsdóttir
Rúnar Sæmundsson og barnabörn

PETTA GERÐIST 30. JANÚAR 1965

Winston Churchill borinn til grafar

Þúsundir manna vottuðu Sir Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, hinstu virðingu þegar hann var borinn til grafar í London þann 30. janúar 1965 eftir viðhafnarútför á vegum ríkisins. Þögnull mannfjöldi stóð meðfram öllum götum og fylgdist með kistu Churchills borinni út úr Westminster Hall um leið og Big Ben sló 09.45. Líkfylgdir fóru í gegnum miðborgina á leið til St. Paul's dómkirkjunnar þar sem útförin fór fram.

Fjörutíu myndavélum frá BBC var komið fyrir á leiðinni og öllu sjónvarpað beint. Milljónir manna um allan heim fylgdust með sjónvarpsútsendingunni.

Fremst í flokki syrgjenda fóru ekkja Churchills, Lady Clementine, ásamt börnum þeirra. Drottningin og aðrir meðlimir konungsfjölskyldunnar fylgdu á eftir, en alls sendu 112 þjóðir fulltrúa sína til að fylgja einum mikilhæfasta stjórnálmanni 20. aldarinnar síðasta spölinn.



AFMÆLI Hlaupamessa og mánaðarlegir gestapredikarar eru meðal þess sem bryddað verður upp á í tilefni sextíu ára afmælis Langholtsafn-
aðar, þar sem séra Sigrún Óskarsdóttir er sóknarprestur fyrri hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LANGHOLTSKIRKJUSÖFNUÐUR SEXTUGUR: MIKIÐ STENDUR TIL

FAGNA AFMÆLINU ALLT ÁRIÐ

„Við ætlum að fagna allt árið. Það er gott mótvægi við allt sem er í gangi, bæði í kirkju og þjóðfélagi, að gleðjast svoltið saman. Við gerum þetta með stæl,“ segir séra Sigrún Óskarsdóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju. Í ár eru sextíu ár frá gildistöku laga sem skiptu nokkrum söfnuðum í borginni í smærri einingar. Langholtsöfnuður var einn þessara nýju söfnuða og verður tímamótanna minnst með margvíslegum hætti á afmælisárinu. Sigrún sinnir prestsþjónustu í söfnuðinum fyrri hluta ársins þar sem hún og séra Jón Helgi Þórarinnsson, sem þjónað hefur söfnuðinum í fimmtán ár, höfðu embættismannaskipti í nýu mánuði frá 1. nóvember síðastliðnum. „Það er frábært tækifæri að detta svona inn. Ég vissi ekki af afmælisárinu þegar ég tók við svo það er stór bónus. Það er gaman að skipuleggja svona lagað,“ segir Sigrún, en meðal þess sem bryddað verður upp á eru

gestapredikarar einu sinni í mánuði. Meðal þeirra sem staðfest hafa komu sína eru rithöfundarnir Guðmundur Andri Thorsson og Árni Bergmann, hjónin Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og Sveinn Rúnar Hauksson og sjálfur Bubbi Morthens, sem syngur lög sín sem innblásin eru af trú. Bubbi á rætur í Langholtskirkjusöfnuði og heimsókn hans því víðeigandi. „Þegar Bubbi treður upp ætlum við að rifja upp fræga poppmessu sem haldin var hér á sjöunda áratug síðustu aldar. Þorgeir Ástvaldsson, sem spilaði í þeirri messu, verður okkar innan handar með það, en þessi messu var gríðarlega umdeild á sínum tíma. Séra Sigurður Haukur Guðjónsson færði popptónlist inn í kirkjuna og á þeim tíma var mörgum misboðið. Rætt var um að Sigurður gæti misst hempuna og ýmislegt fleira sem varð þó aldrei. Þetta var mikið frumkvöðlastar,“ segir Sigrún.

Afmælisnefnd safnaðarinnar hefur fleiri hugmyndir á takteinum sem stefnt er að því að fylgja úr hlaði, meðal annars sérstakar kvenna- og karlamessur, þar sem konur eða karlar sjá um alla þjónustu, predikun, orgelleik, söng og fleira í hvorri messu fyrir sig. „Svo erum við að skipuleggja hlaupamessu, en hugmyndina að henni fengu ég og góð vinkona mín, sem er formaður sóknarnefndar, þegar við hlupum maraþon í Berlín í haust. Messan yrði um sumar og gaman væri að fá hlaupahópinn í Laugum til að hlaupa í messu í þar til gerðum fatnaði, lesa og syngja texta sem tengjast hlaupum og hreyfingu og svo yrði bara íþróttadrykkur í kirkjukaffinu,“ segir Sigrún og hlær. „Þessi hugmynd er enn í vinnslu en við viljum endilega láta hana verða að veruleika, eins og svo margar aðrar á afmælisárinu.“ **kjartan@frettabladid.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Sænsku hönnuðurnir **Clæsson Koivisto Rune** frumsýndu þennan skemmtilega hægindastól með áföstu borði á sýningunni *Maison & Object* í París nýverið. Stóllinn ber nafnið *Isola* og er framleiddur fyrir Tacchini.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler hf. Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík s: 58 58 900 www.jarngler.is

Félagsfræðingur lét gamlan draum rætast og opnaði „hugsjónabúllu“ í Gilinu á Akureyri.

Eins og útlönd á Akureyri



Þetta er gamall draumur. Mig hafði lengi langað að blanda saman fræðimennsku og viðskiptum en ég er að vinna að rannsóknum í félagsfræði um náttúruvitund og neysluhyggju,“ segir Kristín Kjartansdóttir félagsfræðingur en hún rekur Flóru, litla verslun, gallerý og vinnustofu í Gilinu á Akureyri ásamt manni sínum, myndlistamanninum Hlyni Hallssyni.

„Þetta er ekki gróðabísbúnaður heldur „hugsjónabúlla“, segir hún og hlær en í Flóru fara fræðin saman við vöruúrvalið í hillunum, vörur úr náttúrulegu hráefni svo sem sápur, jurttate og snyrtivörur, húsgögn, fatnaður, þrjónavörur, bókverk og listmunir svo fátt eitt sé nefnt.

„Mig langaði til að koma þeim ýmsu skemmtilegu hlutum sem fólk er að gera hérna á svæðinu á framfæri,“ segir Kristín.

FRAMHALD | 2

JEPPARAFAFGYMAR



Öflugir **TUDOR High Tech** rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Gerð gæða- og verðsamanburð

ÚTSÖLULOK

20-70%

AFSLÁTTUR

af völdum vörum

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Skiptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur
og sýningardýnur
Lök, pífur, hlífðardýnur,
sængurverasett og fleira

Svefn & heilsa



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal, 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00
laugardaga 12.00 - 16.00

Hollenski hönnuðurinn Bertjan Pot sýndi þennan stól á húsgagnasýningunni ím í Köln á dögunum. Stóllinn heitir Tie-break og er búinn til úr tennisneti en hann er ætlaður sem garðstóll. Stóllinn er framleiddur af Richard Lampert.



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍFRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

Í samstarf við Daniel Estes Designs

Þórunn Árnadóttir hönnuður er komin í samstarf við bandaríska hönnunarfyrtækið Daniel Estes Designs sem hefur hafið framleiðslu á klukku hennar Sasa Clock, hillunni Tree and Cloud og mun fljótlega hefja framleiðslu á kertinu Devil's Pet.

Daniel Estes er nýstofnað merki sem rekið er af stærra fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í framleiðslu og dreifingu á klukkum. Daniel Estes einblíur á vandaða og flotta hönnun eftir unga hönnuði,“ segir Þórunn. „Enn sem komið er eru þeir bara að framleiða þessar tvær vörur eftir mig undir þessu merki. Devil's Pet er svo að komast á framleiðslustig og við erum að vinna í fleiri útfærslum á þeirri hugmynd. Fyrirtækið hefur tvær skrifstofur, í Bandaríkjunum og Ungverjalandi. Framleiðslan fer fram á mismunandi stöðum, eftir því sem hentar í hverju tilvik.“

Ertu þá komin á samning hjá þeim? „Nei, nei, alls ekki. Við gerum samning um einkarétt á framleiðslu á þessum hlutum, en ég er alls ekki bundin því að mega bara hanna fyrir þá. En við eigum mjög gott samstarf og ég er alveg til í að vinna meira með þeim.“

Þórunn býr í London þar sem



Sasa Clock fæst í Spark Design á Klapparstígunum.

hún lauk meistaraáráðu frá Royal College of Arts í fyrirasumar. Hún segist kunna vel við sig í London og sé ekkert á leiðinni heim. „Ég hef hér fullt af samböndum í gegnum námið og flest verkefni sem ég fæ eru annað hvort í gegnum samnemendur eða kennara. Við sem vorum að læra saman bendum mjög oft hvert á annað þegar verkefni sem við getum ekki sinnt bjóðast og eins eru kennararnir duglegir við að koma okkur á framfæri. Við vinnum líka oft verk-

efni saman, ég er til dæmis núna í hópverkefni með nokkrum stelpum sem voru í skólanum með mér.“

Hvað er svo framundan? „Við stefnum að því að sýna Devil's Pet í Milánó í apríl, veit ekki ennþá hvar og svo ætlum við stelpurnar í hópverkefninu að sýna í maí, en það er allt í vinnslu ennþá. Ég tek þetta bara svona eftir hendinni og sé til hvert það leiðir mig.“

fridrikab@frettabladid.is


HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Þórunn Árnadóttir hönnuður segist ánægð með samstarfið við Daniel Estes Designs og fleiri hugmyndir séu í vinnslu í samstarfi við fyrirtækið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hollusta!

Rétt næring eykur andlegan og líkamlegan styrk og stuðlar að betri heilsu.



Framhald af forsiðu



Kristín Kjartansdóttir félagsfræðingur og Hlynur Hallsson myndlistarmaður reka Flóru, forvitnilega búð í gamalli efnagerð í Gilinu á Akureyri.

MYND/AUBUNN NIELSSON

„Til dæmis endurnýtingu eða áframsýningu á hlutum og ýmiss konar heimaframleiðslu. Tilgangurinn er líka að gera eitt-hvað fyrir Listagilið sem er svo skemmtilegur staður. Svo höfum við sett upp myndlistarsýningar í kjallaranum og sjálf er ég með vinnustofu uppi. Við vildum búa til stað sem er ekki eins og aðrir staðir.“


Kristín og Hlynur keyptu húsnæðið í Gilinu fyrir rúmum tuttugu árum og ætluðu sér að búa þar með vinnustofu. Þær áætlanir breyttust og hefur húsnæðið verið í leigu þar til hugmyndin að Flóru varð til. Upphaflega átti KEA húsin og þær sem Flóra Kristínar og Hlynur er, var ein-

mitt Efnagerðin Flóra til húsa fyrir áratugum síðan.

„Nafnið er samt algjör tilviljun. Ég ákvað nafnið út frá garðmenningu og jurtum og frétti bara seinna í heita pottinum að þarna hefði Efnagerðin Flóra verið áður.“ segir Kristín og hlær. „En þetta fer skemmtilega við sögu hússins.“

En hvernig gengur rekstur á „hugsjónabúllu“, í gamalli efnagerð? „Móttökurnar hafa verið hreint frábærar frá því við opuðum í vor. Fólk er forvitið um þessa litlu búð og margir segja að hún sé eins og „útlönd“ á Akureyri. Það er alltaf gaman að heyra það.“

heida@frettabladid.is



Spænska postulínsmerkið LLadró kynnti nýverið nýja postulínslínu sem nefnist The Guest, eða Gesturinn. Línan var hönnuð af hinum spænska Jaime Hayon, bandaríska hönnuðinum Tim Biskup og japanska hönnunarstúdíóinu Studio Devilrobots.

www.designartnews.com

FK
FJARDARKAUP

nettó

1011

Samkaup

Aðrir sölustaðir: Inspired í Flugstöðinni, Krambúðin, Skeljungsbúðirnar, Ollis, N1, Kaupfélag V-Húrvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Fiskbúðin Freyja, Bláa lónið, Hreyfing, Kostur Keflavík, Melabúðin.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

MÁNUDAGUR 30. JANÚAR 2012

RÁÐSTEFNUR & FUNDIR

Kynningarblað Ráðstefnuhúsnæði, veislusalir, óhefðbundin rými, vörusýningar, gisting, skoðunarferðir, ræðuhöld og góð ráð.



NORDICPHOTOS/GETTY

FUNDIR OG VEISLUR Í KRAFTMIKLU UMHVERFI OG SPENNANDI MATARUPPLIFUN



Reynslumikið starfsfólk sér um að uppfylla tæknilegar þarfir og ráðleggja um atriði er varða skipulagninu og framkvæmd viðburða og funda. Öflugt veitingateymi LAVA undir stjórn Viktors Arnars landsliðskokks býður spennandi matarupplifun.

Nánari upplýsingar í síma 420 8800 eða í netfanginu sales@bluelagoon.is

www.bluelagoon.is

BLUE LAGOON
ICELAND

ANTON BERGQUIST

AÐ HALDA RÆÐU

Mörgum þykir kvíðvænlegt að stíga í ræðustól. Með góðum undirbúningi er hægt að minnka kvíðann. Hér eru nokkur góð ráð.

Þekktu umræðuefnið fram og til baka. Vissulega getur verið gott að styðja sig við punkta en fáar ræður eru jafn leiðinlegar og þær sem lesnar eru



beint upp af blaði. Talaðu frjállega út frá punktunum, náðu augnsambandi við fólkið í salnum.

Talaðu skýrt og greinilega til að allir heyri hvað þú ert að segja.

Sjálfstýrkjandi tal getur hjálpað. Segðu sjálfum þér að þú sért hæfileikaríkur og góður ræðumaður.

Æfðu ræðuna aftur og aftur, bæði upphátt og í hljóði. Gott er að nýta spegilinn heima, þannig er líka hægt að æfa svipbrigðin.

Lærðu af þeim bestu. Skoðuðu til dæmis á YouTube meistarar í ræðumennsku, hvernig þeir bera sig að, hvernig þeir bera fram orðin, nýta hendur og augnsamband. Hví finna upp hjólið þegar þú getur lært af öðrum?

Veldu réttan fatnað. Bæði sem hæfir tilefninu en einnig fatnað sem er þægilegur og þrengir hvergi að. Þannig líður þér best.

Kynntu þér aðstæður. Gott er að skoða herbergið eða salinn áður en ræðan er haldin. Manni líður betur í aðstæðum sem maður þekkir. Athugaðu hvaða hjálpartæki eru til staðar. Getur þú notað power point skjölín sem þú hafðir útbúið? Verður hljóðnemi á staðnum? Og annað slíkt. Farðu snemma að sofa kvöldið fyrir viðburðinn. Ekki gleyma að anda.

Byggjum á reynslu

Iceland Travel Ráðstefnur skipuleggur ráðstefnur, fundi og aðra viðburði fyrir innlenda jafnt sem erlenda aðila. Paulvant starfsfólk tekur vel á móti viðskiptavinum.

Iceland Travel er ferðabjónustufyrirtæki í eigu Icelandair Group. Innan fyrirtækisins starfar deildin Iceland Travel Ráðstefnur sem skipuleggur ráðstefnur, fundi og aðra viðburði fyrir innlenda og erlenda aðila. Helga Lára Guðmundsdóttir verður fyrir svörum.

„Við bókum alla aðstöðu, gistirými og ráðstefnuhúsnæði, höfum umsjón með flugi og skoðunarferðum, veitingum og skemmtunum, sjáum um öll upplýsinga- og kynningargögn, setjum upp heimasíðu, skráningu þátttakenda og skipuleggjum vörusýningar í tengslum við viðburðina. Ennfremur gerum við kostnaðar- og fjárhagsáætlanir svo eitthvað sé nefnt. Sem sagt allt sem viðkemur skipulagi viðburðar,“ upplýsir hún og brosir.

Að sögn Helgu Láru liggur oft gríðarleg vinna að baki hverju verkefni, sérstaklega þegar um stærri ráðstefnur og fundi er að ræða. „Deildin sem slík er tólf ára í núverandi mynd en ræturnar ná



Paulvant starfsfólk tekur vel á móti viðskiptavinum.

MYND/GVA

mun lengra aftur. Deildarstjóri sér um daglegan rekstur og svo bera verkefnastjórar ábyrgð á hverju verkefni. Þetta eru einstaklingar með mismunandi bakgrunn, menntun og reynslu sem nýtist vel í þeim fjölbreyttu verkefnum sem í hús koma.

Á heimasíðunni www.conferences.is er hægt að nálgast frekari upplýsingar um þjónustu okkar.

Einnig er velkommið að hafa samband við okkur í síma 585 4300. Ykkar árangur er okkar markmið!



ISLENSKA STAÐS ICT 30/05/01/12

Láttu okkur sjá um skipulagið

RÁÐSTEFNUR | FUNDIR | VIÐBURÐIR

icelandtravel.is
conferences@icelandtravel.is



Séð yfir ráðstefnusal MACRO. Stemningin minnir meira á sal í óperuhúsi en stað þar sem fólk ræður ráðum sínum.

MYND: GETTY

Ráðstefnusalur í rósrauðum bjarma

Í nýbyggingu Nýlistasafnsins í Róm, MACRO, hefur franskur arkitektinn Odile Decq hannað ráðstefnusal sem ekki fylgir hefðbundnum viðmiðum slíkra húsakynna.

Nýlistasafnið í Róm, MACRO, opnaði viðbyggingu sem hönnuð er af franska arkitektinum Odile Decq í desember 2010. Meðal þess sem Decq bætti við safnið er ráðstefnusalur sem engan veginn er hægt að kalla hefðbundinn.

MACRO er til húsa í gömlu bruggúsi Peroni-verksmiðjanna og var upphaflega opnað árið 2002. Fljótlega varð ljóst að safnið þyrfti meira rými og 2004 var

Odile Decq ráðin til að hanna nýbyggingu við safnið. Decq er þekkt fyrir nýstárlegan arkitektúr og nýbygging MACRO er svo sannarlega frábrugðin því sem fólk á að venjast í listasöfnum.

Ráðstefnusalurinn er allur í rauðum litatónum og minnir meira á sal í óperuhúsi eða stofur nútíðaraldar hispursmeyja í Parísarborg en hefðbundið ráðstefnuhúsnæði eins og myndin ber með sér.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson s. 512 5432 sverrir@365.is 512 5465. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

CONGRESS
Icelandair hótelin eru leiðandi keðja gæðahótela með átta hótél í heilsársrekstri um allt land. Auk þess rekur félagið Hilton Reykjavík Nordica og Edduhótelin sem er sumarkeðja tólf hótela á landsbyggðinni. Nýjasta rósín í hnappagat Icelandair hótela er Icelandair Hótel Reykjavík Marina sem opnar að Mýrargötu 2-8 19. apríl en árið 2010 voru gagngerar endurbætur gerðar á systurhótelinu, hinu sögufræga Hótel Loftleiðum, sem opnaði með breyttum áherslum og nýju nafni: Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Nöfn nýju hótela hafa skírskotun til þess hvar þau eru staðsett en Reykjavík Natura vísar í nálægð við Öskjuhlíðina og Nauthólsvík og Reykjavík Marina til nálægðar við höfnina.

„Icelandair hótelin annars vegar og Hilton Reykjavík Nordica hins vegar eru nú þegar þekkt fyrir framúrskarandi ráðstefnu- og fundaraðstöðu en þau hafa einnig verið leigð undir árshátíðir og alls kyns skemmtanir. Hilton Reykjavík Nordica hefur um langt skeið verið flaggskipið þegar kemur að fundarsölum í Reykjavík en þar eru ellefu fundarsalir af ýmsum stærðum og gerðum. Eftir breytingarnar á Icelandair Hótel Reykjavík Natura hefur framboð af framúrskarandi fundaraðstöðu aukist enn frekar og hefur því verið gríðarlega vel tekið,“ segir Hildur Ómarsdóttir sölu- og markaðsstjóri Icelandair hótela. „Hér er eitthvað um að vera á hverjum degi utan hefðbundins hótélreksurs. Nú stendur yfir alþjóðlegt bridsmót svo dæmi séu nefnd en auk þess eru hér haldnar ráðstefnur, fundir og alls

“ Icelandair hótelin annars vegar og Hilton Reykjavík Nordica hins vegar eru nú þegar þekkt fyrir framúrskarandi ráðstefnu- og fundaraðstöðu.“

kyns veislur. Þá er mikið um erfidrykkjur sem ég tel meðal annars vera vegna góðs aðgengis, nægra bílastæða og framúrskarandi þjónustu.”

Á Icelandair Hótel Reykjavík Marina verður sömuleiðis boðið upp á fundaraðstöðu en þó með nokkuð öðru sniði en þekktist. „Þarna verður frábær vettvangur til að halda óhefðbundna fundi og samkundur í skemmtilegu umhverfi. Tengt alrýminu á jarðhæð stendur til að opna Kaffi Slipp þar sem morgunverður verður framreiddur fyrri hluta dags. Um hádegisbil og fram eftir degi verður honum svo breytt í fundarsal með heimilislegum brag. Á jarðhæðinni verður sömuleiðis Slipp Bíó sem er tuttugu manna bíósalur þar sem verður hægt að halda fundi, kynningar og hvers kyns sýningar. Þarna verða svo gestamót-taka og setuaðstaða en hugmyndin er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að halda alls kyns viðburði í þessu rými. Um leið gefst gestum hótelsins kostur á að upplifa það sem er að gerast í borginni hverju sinni. Þarna gefst tækifæri til að samgledjast með Íslendingum eða „to mingle with the locals“.“



„Þarna verður frábær vettvangur til að halda óhefðbundna fundi og samkundur í skemmtilegu umhverfi við höfnina,“ segir sölu- og markaðsstjóri Hildur Ómarsdóttir.

Þeir sem hafa leigt salina bóka þá hjá okkur aftur

CenterHotels er fjölskyldurekin hótelleða sem samanstendur af fimm fyrsta flokks hótélum í miðborg Reykjavíkur. Stærst er CenterHotel Plaza við Aðalstræti. Þar er nýleg fundar- og veisluaðstaða í gamla prentsal Morgunblaðsins í Aðalstræti 6, sem nú er hluti af CenterHotel Plaza. Salurinn nýtur mikilla vinsælda meðal fyrirtækja í miðbænum og hópa utan af landi.

Okkar sérstaða felst meðal annars í að vera með fyrsta flokks fundarsali í hjarta borgarinnar,“ segir Eva Jósteinsdóttir, framkvæmdastjóri rekstarsviðs CenterHotels, um fundar- og veislusalina í CenterHotel Plaza við Aðalstræti. Þar getur hún tekið á móti allt að 200 manns í kokteilpartí og 120-130 manns í sæti. „Þetta getur verið einn stór salur eða þrír minni, eftir því sem hentar, því við getum skipt stóra salnum upp. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessari aðstöðu frá því við opnuðum hana. Þeir sem hafa leigt salina bóka þá gjarnan hjá okkur aftur.“

CenterHotelin fimm eru Plaza, Þingholt, Skjaldbreið, Klöpp og Arnarhvoll. Eva segir um minni fundarsali að ræða, bæði á Klöpp og Þingholti, og auk þess skemmtilegan morgunverðarsal sem nýttist sem fundarsalur hálfan daginn á Skjaldbreið, Laugavegi 16. Telur hún ráðstefnufólk njóta þess að vera í miðbænum og geta skroppið út

á strætið í fundarhléum? „Já, og það er mjög þægilegt fyrir fyrirtæki og stofnanir sem eru hér miðsvæðis, eins og til að mynda ráðuneytin, að halda fundi hér og geta stokkið svo að segja úr næsta húsi. Að sama skapi er það hentugt fyrir hópa utan af landi sem koma í höfuðstaðinn, kannski með árhátíðir sínar eða stefnumótunarfundi, að geta fengið gistingu og fundar- eða veisluaðstöðu undir sama þaki. Þegar fundurinn er búinn er svo þægilegt að þurfa ekkert að panta rútu því þá er allt innan seilingar, bæði veitingar og gisting.“

Spurð hvort panta þurfi salina með löngum fyrirvara svarar Eva: „Það er mjög misjafnt. Sumar dagsetningar eru þéttbókaðri en aðrar, til dæmis fermingarveisludagar. Fundarsalirnir okkar hafa verið vinsælir, það segir sína sögu því orðsporið er bestu meðmælin.“

Eva Jósteinsdóttir í hinum glæstu salarkynnum CenterHotel Plaza við Aðalstræti í Reykjavík.
MYND/ANTON



Á CENTERHOTEL PLAZA



Oft skapast skemmtileg stemning í Plaza lobbýinu þar sem gestir og gangandi geta tyllt sér niður.



Fundauppsetning á 1/3 úr Plaza salnum, hægt er að panta 1/3, 2/3 eða allan salinn í einu.



Eitt af nýju herbergjunum á Plaza í gömlu „Moggahöllinni“ með útsýni yfir Ingólfstorg.



Salurinn opnast út í huggulegan garð, Eldgjá, þar sem eldlistaverk eftir Pál á Húsafelli fá að njóta sín.

SKEMMTILEGRI FUNDIR

Í ♥ BORGARINNAR



RÁÐSTEFNU- OG VEISLUAÐSTAÐA

Salir CenterHotels henta vel fyrir fjölbreytta viðburði hvort sem um er að ræða litla fundi, stórar ráðstefnur, fermingarveislur, brúðkaup, árhátíðir eða önnur einkasamkvæmi.

Gamli prentsalur Morgunblaðsins í Aðalstræti 6 er nú orðinn bjartur og stílhreinn fundarsalur á CenterHotel Plaza.



SKANNAÐU KÓÐANN
www.centerhotels.is/fundir



Kynnir Slaka í Stokkhólmi

Reynir Sýrusson tekur þátt í húsgagnasýningunni í Stokkhólmi sem fram fer 7. til 12. febrúar. Þar mun hann kynna húsgögn sín og frumsýna nokkra muni á borð við hægindastólinn Slaka.

Reynir sýnir nú á Stockholm Furniture Fair í annað sinn. „Þetta er stærsta húsgagnasýningin í Skandinavíu og er haldin árlega. Það er mjög skemmtilegt að sjá alla flóruna enda koma þarna saman öll stærstu fyrirtækin á Norðurlönd-

unum,“ segir Reynir. Íslandsstofa skipuleggur sameiginlegt sýningarsvæði íslenskra fyrirtækja á sýningunni en auk Reynis taka Lighthouse, Á. Guðmundsson og Netagerðin þátt.

Reynir mun sýna bæði árs gamla hönnun en einnig frumsýna nokkur húsgögn. Þar ber helst að nefna hægindastólinn Slaka. „Hann hentar vel til að slaka á, horfa á sjónvarpið eða til að vinna í fartölvunni,“ segir Reynir en með stólnum mun fylgja sérhannað spjald úr svamp efni í stíl við stólinn. Það má nota undir fartölvuna. „Síðan á hann eftir að þróa eitthvað, til dæmis koma á hann armar í haust.“ Reynir notaði í stólinn efni úr sérstökum svampi sem lagar sig að mjóhryggnum, svokölluðu „memory foam“.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég nota slíkt efni og það kemur bara mjög vel út.“ - sg



Hægindastólinn Slaki.



Reynir Sýrusson mun kynna húsgögn úr eigin línu í Stokkhólmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitara
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Ein af fimm sem kepptu fyrir Danmörku í keppni H&M

Sigrún Halla Unnarsdóttir er úr leik í hönnunarkeppni H&M en segir engu að síður hafa verið spennandi að vera valin til þátttöku.

„Útskriftarsýningin frá skólanum mínum, Kolding School of Design, var á tískuvíkunni í Kaupmannahöfn í fyrra og þangað komu útsendarar H&M og völdu þátttakendur í keppni,“ segir Sigrún Halla Unnarsdóttir sem var ein af þeim fimm sem valdir voru af fyrrnefndum útsendurum til að keppa fyrir Danmerkur hönd í hönnunarkeppni H&M. „Við vissum í rauninni ósköp lítið af þessu fyrr en það var haft samband við okkur skömmu seinna og okkur tilkynnt að við hefðum verið valin.“

Keppnin fór fram í Danmörku, Belgíu, Svíþjóð, Bretlandi og Hollandi og voru fimm þátttakendur valdir frá hverju landi. Þátttakendurnir koma frá fjórtán virtustu hönnunarskólum í Evrópu og kepptu um 50.000 evrur og möguleika á að selja línuna sína í verslunum H&M. Sigrún Halla segist þó ekki koma til greina í úrslitin, sem tilkynnt verða á tískuvíkunni í Stokkhólmi í byrjun febrúar. „Það var bara valinn einn frá hverju landi í úrslitin og það var skólasystir mín og góð kunn-



„Við vissum í rauninni ósköp lítið af þessu fyrr en það var haft samband við okkur tilkynnt að við hefðum verið valin,“ segir Sigrún Halla Unnarsdóttir um þátttökuna í hönnunarkeppni H&M.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ingjakona sem valin var frá Danmörku,“ segir hún.

Hægt er að fylgjast með keppninni á heimasíðu H&M og sjá keppendur kynna útskriftarlínur sínar

fyrir dómeftnd. Dómarar í úrslitaþættinum eru meðal annarra Christopher Kane og Ann-Sofie Johansson yfirhönnuður H&M.

- fsb

TÍSKA



Sölufulltrúar:

Jóna María

jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan

brynjadan@365.is 512 5465

Snorri

snorris@365.is 512 5457

BYLGJAN 25 ÁRA
989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

OUTLET SKÓR

<p>Herra kuldaskór Verð 11.900 kr. St. 41-47</p>	<p>Dömu skór Verð 14.900 kr. St. 36-41</p>	<p>Dömu kuldaskór Verð 9.900 kr. St. 36-41</p>
<p>Barna kuldaskór Verð 7.900 kr. St. 27-35</p>	<p>Dömu skór Verð 9.900 kr. St. 36-41</p>	<p>Barna kuldaskór Verð 6.900 kr. St. 27-35</p>

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK
OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16 SÍMI: 514 4407

Tilkynningar



Landsskipulagsstefna

Samráðsvettvangur vegna mótunar landskipulagsstefnu

Skipulagsstofnun hefur í samræmi við reglugerð um landsskipulagsstefnu (nr. 1001/2011) stofnað sérstakan samráðsvettvangur við mótun landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun býður hér með þeim sem hafa áhuga á eða eiga hagsmuna að gæta að skrá sig á samráðsvettvangur við gerð landsskipulagsstefnu 2012 - 2024.

Áherslur í fyrstu landsskipulagsstefnu eru (1) miðhálandi Íslands, (2) búsetumynstur - dreifing byggðar og (3) skipulag haf- og strandsvæða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar:

www.skipulagsstofnun.is

Skráning tengiliða sendist til Skipulagsstofnunar Laugarvegi 166, 105 Reykjavík eða í netfangið

landsskipulag@skipulagsstofnun.is



AUGLÝSING

Skipulags- og matslýsingar fyrir aðalskipulagsbreytingu Sveitarféluginu Vogum vegna athafnasvæðis Keilisnesi.

Í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Sveitarfélagið Vogar hér með kynningu á skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 vegna áforma um matvæla- og líftækniklasa á svæðinu við Keilisnes í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd.

Lýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins www.vogar.is. Hún liggur einnig frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að lóndal 2, 190 Vogum.

Meðan á kynningu lýsingarinnar stendur gefst almenningi kostur á að koma með athugasemdir eða ábendingar og þurfa þær að berast eigi síðar en 17. febrúar 2012 til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogum.

Vogum, 27. janúar 2012.
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja.
Sigga & Tímo Linnetsstíg 2,
220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe
o.fl. Hringdu núna og fáðu
tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi gull!

Ég, Magnús Steinþórsson
gullsmiðameistari, kaup gull,
gull peninga og gull skartgrip.
Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt
og illa farið. Leitid til fagmanns
og fáid góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699
8000 eða í Pósthússtræti 13
(við Austurvöll),
Verið velkomin

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket,
úthurðir, o.fl. Gæði á góðu verði.
Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur.
Penofin harðviðarolia. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í
símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

TILBOÐ PUSH UP
- STAKAR STÆRDIR

A, B, C, D skálar.
Á ADEINS 2.500 kr.

Misty - fyrir allar konur

Misty Laugavegi 178, s: 551 3366
www.misty.is
Vertu vissur

Tilkynningar

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

SILFURTÚN, DEILISKIPULAGSTILLAGA
Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að deiliskipulagi Silfurtúns í samræmi við 1.mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem skipulagið nær til er eldri ódeiliskipulögð byggð við Hörgatún að austanverðu, Aratún, Faxatún og Goðatún. Einnig lóðir skátaheimilisins Jötunheima, leikskólans Bæjarbóls og græna svæðið milli Silfurtúns og Mýra sem nú er á svæði deiliskipulags Silfurtúns og Hofstaðamýrar.

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti, skýringaruppdráttum og í greinargerð. Í tillögunni er m.a. kveðið á um byggingarreiti, nýtingarhlutfall, opin svæði, stígatengingar o.s.frv.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur nógildandi deiliskipulag Silfurtúns og Hofstaðamýrar úr gildi.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 30. janúar til og með 12. mars 2012. Hún er enn fremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 12. mars 2012.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár.
Hringdu og fáðu frian prufupakka. S.
896 4662 www.lifstill.is/eddaborg

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu
Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@
ismennt.is

NUDD

NUDD - HEILSA

FÓTAADGERÐIR - DETOX - NUDD.
RÁÐGJÖF varðandi kvilla, næringu,
hreyfingu, bætiefni, vinnu, lífsstíl og
hamingju. NÁMSKEIÐ. HAGSTÆÐ
TILBOÐ. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698
8301 www.tantra-temple.com

HEIMILIÐ

Heimilistæki

554 4445

Biluð tæki?

Gerum við:

- Þvottarvélar
- Þurrkara
- Ísskápa
- Frystiskápa
- Rafmagnsverkfæri
- Heita potta

Tökum einnig
að ökkur almennar
vélavíðgerðir.

EGILL Midhrauni 2
210 Garðabæ
www.egill.is

EGILL - ALLT Á SAMA STAÐ

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Rebozo-nuddnámskeið 1. og 2. mars.
Rebozo-nudd er mikið notað fyrir konur
á meðgöngu og í fæðingu en nýttist
flestum. Nánar á <http://hondihond.is/rebozo-vinnusmidja/> eða í s. 862-4804

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu
inn á www.leigulistinn.is eða hafðu
samb. við okkur í s. 511 1600.

Vantar þig íbúð á leigu í Reykjavík?
Kiktu á skyggisbrautis eða hringdu í
síma 660-1794.

Gistiheimili -
Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og
Dalshraun 13 Hfj M/ baði.
eldh., þurrkara og þvottavél.
824 4535.

Room for rent 1-2 person and
studio. Funahöfða 17a -19 Rvk
and Dalshraun 13 Hfj Whith
Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m². Aðgangur
8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki -
iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun.
S: 564-6500.

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í
KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

Verð frá 1050 dkr/nóttin
t. 3ja herbuð. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

ATVINNA

Atvinna í boði



Enjoy Life Your Way

Vertu þinn eigin herra í lífinu. LR health
& beauty System Staersta MLM fyrirtæki
evrópu. S. 568 8977 eða 773 6099

Handflakari óskast.

Vanur handflakari óskast til starfa sem
fyrst. 2 vanar konur óskast til starfa
vanar beinhreinsun og til almennra
fiskbúðarstarfa. Vinnutími c.a. 7.30-
15.30. Umsóknir skal senda á kristjan@fiskikongurinn.is eða Kristjan 896 0602
Fiskikongurinn Sogavegi 3.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI
Á HVERJUM
MORGN!

VÍSIR

ÚTSAKA

Allt að 50% afsláttur

Blomberg þvottavélar frá 79.990

Allt að 25% afsláttur

Candy uppvottavélar frá 64.990

Allt að 30% afsláttur

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg,
Candy og Severin með 15-30% afslætti**

Ryksuguvélmenni frá 49.990

Allt að 23% afsláttur

Ofnar, helluborð og háfar með allt að 50% afslætti

Hvítur Kitchenaid Classic blandari 29.990

Severin alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990

Síni búshöld með 50% afslætti

**Severin úrval af kaffivélar, blandarar, brauðvélar,
katlar og fleira á frábærum verðum**

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LÁRÉTT


2. fangi, 6. guð, 8. fyrirboði, 9. loga, 11. í röð, 12. krafsa, 14. grín, 16. í röð, 17. arinn, 18. besti árangur, 20. verkfæri, 21. einsöngur.

LÓÐRÉTT

1. afl, 3. klaki, 4. úða, 5. læsing, 7. nakinn, 10. eiturlyf, 13. fljótfærni, 15. grunnflötur, 16. tunna, 19. golf áhald.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. grís, 6. ra, 8. spá, 9. eld, 11. rs, 12. klóra, 14. spaus, 16. áb, 17. stó, 18. mef, 20. al, 21. arfa.
LÓÐRÉTT: 1. þrek, 3. fs, 4. sprauta, 5. lás, 7. allþer, 10. döp, 13. ras, 15. gölf, 16. áma, 19. tí.



Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið



– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

Er áfengi hræðilegt?

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Í íslenskum bæjum og þorpum fara menn ýmsar leiðir til að laða að ferðafólk og athygli. Hólmarar verða að Baunum, Fáskrúðsfirðingar að Frökkum, bæði stuttum og síðum, og Skagamenn að Írum. Bílddælingar hampa sínum baunum og skrímslum, Grindvíkingar saltfisknum og Kópavogsbúar, já bíddu nú við.



HÉR í Andalúsíu er þessu trikki einnig beitt af miklum móð. Fáir hafa þó veitt betur á þessa markaðsstöng en bæjarbúar í Rute sem um gjörvallan Spán er þekktur sem anisbærinn mikli enda voru þar áður hátt í tuttugu verksmíðjur sem brugguðu þennan alræmda anisdrykk. Ég segi alræmda því heldur fara vinsældir hans dvínandi enda er það alþekkt fyrirbæri að fáir drykkir getað valdið mönnum jafn mikilli þynnku og þessi mjöður. Það fara meira að segja sögur af því í bænum Priego de Córdoba að þar hafi einn anisneytandinn dáíð úr þynnku.

EN anisunnendur hafa fundið lausn á þessum vanda og hún er sú að drekka hann einungis snemma morguns. Það kemur mér alltaf jafn spánskt fyrir sjónir, þegar ég

fer á Azahara barinn til að fá mér morgunkaffi, að sjá heldri menn sitja þar og sótra ljónamjólkina við fyrsta hanagal. Drykkur þessi er stundum kallaður ljónamjók þar sem hann verður líkur undanrennu þegar búið er að blanda hann vatni.

ÞESSIR ljónamjólkurþyrstu morgunhanar losna þannig undan því að vakna þunnir en hitt verð ég að segja að þeir eru ósköp rislágir um hádegisbilið. Aftur á móti hef ég líka séð bændur ylja sér á svölum morgni úti á akri með drjúgum anissopum og slá síðan hvergi af við ólífutínslu og traktorbrölt. Margir smalar hafa einnig þennan háttinn á en það virðist oft enda með þeim afleiðingum að þeir verða sjálfir að smala sér saman eftir hádegi.

EN hvað sem þessu líður þá fyllist Rute af ferðafólki sem leggur það síðan á sig að bíða í löngum röðum til að komast í frægustu anisverksmíðjuna sem nú hefur verið breytt í anissafn mikið.

ÉG segi þessa sögu til að minna okkur Íslendinga á að áfengið er ekki alvont. Það er í eðli sínu eins og arnfirskt skrímsli. Það er nú ekki hræðilegra en svo. Eða eins og Tómas Guðmundsson sagði: „Það má áfengið eiga, að það hefur aldrei gert neinum manni mein að fyrra bragði.“

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





+ Á bak við fallett bros eru vel hirtar tennur

Tannverndardagar 30. janúar til 4. febrúar

Okkur hjá Lyfju er ljóst að dagleg umhirða tanna er mikilvæg til að viðhalda góðri heilsu.

Við leggjum þér lið í baráttunni við Kárius og Baktus með fjölmörgum hagstæðum tilboðum í febrúar.

ISLENSKA SIA US LYFJ 58016 01/12

G·U·M

G·U·M Paroex

Fyrirbyggjandi meðferð gegn bólgum, tansýklum og tannsteinsmyndun.

+ 20% afsláttur
til 10. febrúar.

G·U·M Original White

Öflug blettahreinsun á tönnum, inniheldur ekki bleikiefni.



LISTERINE

Nýtt Listerine ZERO

Án alkóhóls og með mildara bragði fyrir alla fjölskylduna (frá 6 ára aldri).

+ 20% afsláttur
af öllu Listerine
til 10. febrúar.



TRISA

Svissnesku gæðatannburstarnir

Pearl White eru með micro-filament hárum sem hjálpa til við tannhvítun. Tveir í pakka á aðeins 200 kr.

+ 200 kr.
Aðeins í febrúar.



SENSODYNE

+ 20% afsláttur
af öllum Sensodyne
tannkremum til 10. febrúar.



FLUX

Hefur þú skolað í dag?
Flux-fjölskyldan fæst með:

+ 20% afslætti
í febrúar.





BRESKA MYNDLISTARKONAN OLIVIA PLENDER fjallar um verk sín og vinnuaðferðir í dag í fyrirlestraröðinni Vinnustofan við myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn er öllum opin og hefst klukkan 12.30 í húsnæði deildarinnar að Laugarnesvegi 91 í Reykjavík. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

Kristín Ragna hlaut myndskreytiverðlaun

Kristín Ragna Gunnarsdóttir hlaut Dimmalimm – íslensku myndskreytiverðlaunin 2011 fyrir myndlýsingar í bókinni Hávamál sem Þórarinn Eldjárn endurorti og gefin var út af Mál og menningu síðastliðið haust.

Í dómnefnd sátu Aðalsteinn Ingólfsson rithöfundur, Kalman le Sage de Fontenay grafískur hönnuður og Bryndís Loftsdóttir bóksali.

Í rökstuðningi sagði meðal annars að dómnefndin legði áherslu á að myndlýsingar væru ekki einungis endurspeglun textans heldur gerðu hann innihaldsríkari. „Þetta á sannarlega við um bók Kristínar Rögnu, sem nú hlýtur þessi verðlaun öðru sinni. Hún teflir saman hreinni teikningu, málverki og samklippi sem vísar í allar áttir, og þá sérstaklega í íslenskan samtíma. Þegar auðsöfnun er nefnd, sálðrar hún erlendri mynt vítt og breitt um arkir, annars staðar rekur hún hlykkjótta slóð nískupúka til sælueyunnar Tortólu; erindi um matgræði fylgir umgjörð sem minn-



LISTFENGI OG SMEKKVÍSI Ein mynda Kristínar Rögnu úr Hávamálum Þórarins Eldjárns sem kom út fyrir jólin.

ir á matgæðingabætti sjónvarps og orðtakinu fræga „þjóð veit ef þrír vita“ fylgir mynd af púka sem nýsist fyrir á Fjésbókinni. Allt er þetta gert af listfengi, smekkvísi og í takt við snilldarlega hantéringu Þórarins Eldjárns á hinum forna texta.“

Þess má geta að bækurnar sem kepptu til verðlaunanna að þessu sinni eru til sýnis í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. - sbt

KONAN SEM SYNGUR

Leikhús ★★★★★

Eldhaf

Eftir Wajdi Mouawad í þýðingu Hrafnhildar Hagalín. Sýnt í Borgarleikhúsinu.

Leikarar: Unnur Ösp Stefánsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Bergur Þór Ingólfsson, Jörundur Ragnarsson, Birgitta Birgisdóttir, Þórir Sæmundsson. **Leikmynd og búningar:** Ilmur Stefánsdóttir. **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson. **Myndbandshönnun:** Arnar Steinn Friðbjarnarson. **Tónlist og hljóðmynd:** Hallur Ingólfsson. **Leikstjórn:** Jón Páll Eyjólffsson.

Frumfyrir á fimmtudag í Borgarleikhúsinu. Eldhaf, verk sem lætur engan ósnortinn, var frumsýnt í Theatre de Quad 'Sous' í Montréal í Kanada árið 2003, en þar starfar höfundur verksins.

Hér segir frá afdrifum baráttukonu í borgarastyrjöldinni í Líbanon 1988. Hún gerir tilraun til þess að ráða hershöfðingjann Antoine Lahad af dögum, en hann var í hennar augum táknmynd fyrir hið hataða hernám. Þegar Nawal, móðir tvíburanna Símons og Jeanne, deyr eru þeim afhent tvö bréf af vini og lögfræðingi móðurinnar. Í miðri sorginni hrannast upp spurningarmerki um erfiða fortíð móðurinnar. Þau eiga kannski bæði föður og bróður? Eftir langa reisu til gamla lands móðurinnar og gegnum tímarn komast þau að því hvers vegna hún hafði þagað í áraradír. Viðbjóður ófriðartíma er nálægur. Líka angist þeirra og óhamingja sem alla daga þurfa að beygja sig í svaðið fyrir böðlum sínum, sem svo sjálfir eru fórnarlömb þeirra stríða sem gerir sakleysingja að svinum. Meðferð á konum og börnum og ummótun heilabúa ungra manna er meðal þess sem fjallað er um í þessu verki.

Jón Páll Eyjólffsson leikstýrir þessu verki og er handbragð hans



ELDHAF „Leikarar stóðu sig allir með þrýði,“ segir meðal annars í leikdómi um Eldhaf eftir Wajdi Mouawad í Borgarleikhúsinu. MYND/GRÍMUR BJARNASON

mjög sýnilegt. Sagan um systkinin og leit þeirra fer fram í magnadri leikmynd Ilmar Stefánsdóttur, sem er svo heillandi og sterk að hún ein og sér lyftir frásögninni í hæðir. Það er heillandi hvernig frásögnin fær sína staðsetningu í nútíð og fortíð með því að skipta úr efri hluta sviðsins þar sem fortíðin og endurlitid eiga sér stað og niður á fremri hlutann þar sem nútíðin er leikin. Mögnuð er líka myndbandshönnunin og þrívíddin öll sem Arnar Steinn Friðbjarnarson útfærir snilldarlega, auk allra þeirra meðvitaðra og ómeðvitaðra umhverfishljóða sem allan tímann leita á.

Leikarar stóðu sig allir með þrýði. Flestir þurftu þeir að bregða sér í fleiri hlutverk og talsvert uppfyrir sig í aldri, sem ekki kom að sök. Bergur Þór Ingólfsson, sem fór með hlutverk lögmannsins Leblés og læknisins, er eins og öxullinn í verkinu, sterk-

ur, trúverðugur, fyndinn, sá sem leiddi frásögnina áfram. Þórir Sæmundsson átti óhugnanlega góðan leik í hlutverki hins brjálada byssumanns, þó hann hafi verið heldur unglægur í uppgjörunu í lok leiksins. Unnur Ösp Stefánsdóttir kann orðið listina að framkalla samkennd með hraktri móður og sýndi góðan og ýkjulausan leik.

Hlutverk tónlistarinnar í verkinu er mikilvægt þar sem hún ýmist heggur á hnúta eða leiðir hugann til venjulega lífsins þrátt fyrir hörmungarnar. Einnig var lýsingin skemmtilega notuð og búningar Ilmar sögðu margar sögur í þessari örlagasögu einnar lítillar fjölskyldu, en um leið allra þeirra kynslóða sem fórnad er í stríði hvar sem er í veröldinni.

Niðurstaða: Einstaklega vel gerð, nýstárleg og spennandi sýning. **Elisabet Brekkan**

Sálgæslan á Kexi

Hljómsveitin Sálgæslan kemur fram á öðrum tónleikum djass-tónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Á tónleikunum sem fram fara á morgun flytur Sálgæslan eigin blöndu af djass, blús og soul tónlist. „Dauði og djöfull“, nýleg plata hljómsveitarinnar hefur fengið fina dóma og talsverða spilun. Hljómsveitina skipa söngvararnir Andrea Gylfadóttir og Stefán Hilmarsson, Þórir Baldursson á Hammond orgel, Sigurður Flosason á saxófón og Einar Scheving á trommur.

Þess má geta að hljómsveitin og meðlimir hennar hlutu nokkrar tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna 2011.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og



SÁLGÆSLAN Gaf nýverið út plötuna Dauði og djöfull.

standa í um það bið tvær klukkustundir með hléi. Sem fyrr er aðgangur ókeypis, en barinn og hið vinsæla eldhús Kex er auðvitað opið.

AMERICAN STYLE HEALTHY STYLE

HAMBORGARI
ÁN SÓSU, MEÐ BAKAÐRI KARTÖFLU OG FERSKU SALATI

kr. 1195.-

Tónlist ★★★★★

Tinna Þorsteinsdóttir

Píanóverk eftir Kjartan Ólafsson, Önnu S. Þorvaldsdóttur, Davíð Brynjar Franzson, Jónas Tómasson, Hafðís Bjarnadóttir og Áka Ásgeirsson

Myrkir músíkdagar í Hörpu

Loðnar nótur

Ég veit ekki hvort það var salurinn, flygillinn eða tækni píanóleikarans. En það var eitthvað sem ekki virkaði.

Tinna Þorsteinsdóttir frumflutti nokkrar píanótónsmíðar á Myrkum músíkdögum á laugardaginn. Tónleikarnir voru í Norðurljósum í Hörpu, sal sem er með mjög sveigjanlegan hljómburð. Mér sýndist flygillinn ekki vera í fullri stærð, sem er í sjálfu sér ekki óeðlilegt í sal af minni gerðinni. En í þetta sinn var hljómurinn ekki nógu magnaður fyrir sum verkanna á efnisskránni. Kannski var hljómburðurinn ekki rétt stilltur.

Tækni píanóleikarans vafðist líka dálítið fyrir. Í nokkrum tónsmíðum þurfti að spila hratt, og af töluverðri snerpu. Hyman II eftir Hafðís Bjarnadóttur var þannig verk. Einnig Mozaik VI eftir Kjartan Ólafsson. Og líka Jökla og Embla eftir Jónas Tómasson. Í öllum þessum verkum voru hröðu nóturnar óskýrar. Pedalnotkun Tinna hefði mátt vera talsvert minni.

Verkin sjálf voru upp og ofan. Ég hef heyrt þau betri eftir Kjartan. Það sem nú var á dagskránni virkaði sundurlaust. Sömuleiðis var Scape eftir Önnu Þorvaldsdóttur klisjukennt. Mikið var um langa, liggjandi hljóma og yfir þeim flutu hraðar nótnahendingar í diskantinum. Maður hefur heyrt þetta áður. Kannski voru hröðu nóturnar ekki nógu vel leiknar.

Verk Jónasar var meira sannfærandi. Það byrjaði á hálfromantískum nótum, en hvarf fljótlega inn í óræða kyrrð sem var gripandi.

Einnig voru siendurteknar nótur í The Negotiation of Context eftir Davíð Brynjar Franzson skemmtilegar. Tinna naut þar aðstoðar Franks Aarnink slagverksleikara, sem gerði allt mögulegt við strengi píanósins á meðan Tinna spilaði. Útkoman var blæbrigðarík og heillandi.

Ég hugsa líka að tónsmíð Hafðisar sé ágæt, líffleg og spennandi. Hún var bara ekki almennilega spiluð.

Í lokin flutti Tinna verk eftir Áka Ásgeirsson þar sem skjáhviluleg grafík á stórum skjá sagði fyrir um hvaða nótur ætti að spila. Sú hugmynd er orðin ósköp þreytt, og eftir því þreytandi.

Niðurstaða: Tæknivandamál einkenndu tónleikana, og sum verkin voru slöpp. **Jónas Sen**

Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



Viltu eiga sviðið ... eða leigja það?



Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



Banki

Húsnæðið er 292 m² og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbýggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.




Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.

Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**
realD 3D **midis.is**

LIAM NEESON
THE GREY
 ÞEGAR FLUGVÉLIN HRAPADI VAR FERDALAGIÐ RÉTT AD BYRJA.
 ★★★★★
 - N.V. SVABRÖÐU

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
 ★★★★★
 DV
 ★★★★★
 FRÉTTAMINN
 ★★★★★
 FRÉTTABLAÐIÐ
 ★★★★★
 MORGUNBLAÐIÐ
 ★★★★★
 SÉB OG HEYRT
 KVIKMYNDIR
 ★★★★★
CONTRABAND
 LEIPT AF
 BALTASAR KORMAKUR
 ★★★★★
LÚXUS

FRÖNSK
THE ARTIST
 FLUGVÉL
 ★★★★★
 3
 10 ÓSKARSTILNEFNINGAR

16 TOPPMYNDIN Í USA
UNDERWORLD
 ★★★★★
 KVIKMYNDIR

HÁSKÓLABÍÓ
 LISTAMADURINN
 BARNSFABIRINN
 ATHVARFID
 ÖLD MYRKURINS
 STRÍÐS-
 YFIRLÝSING
 SÁ SEM KALLAR

NÁNAR Á MÍBILIS	KL. 6	8-10	5%
	KL. 8		
	KL. 10		
	KL. 6		
	KL. 10		
	KL. 8		

SMÁRABÍÓ **GLERAUGU SELD SÉR** **5%**

THE GREY	KL. 8 - 10.30	16
CONTRABAND	KL. 5.30 - 8 - 10.25	16
CONTRABAND LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.25	16
THE DESCENDANTS	KL. 5.30 - 8 - 10.25	L
UNDERWORLD / AWAKENING	KL. 6 - 8 - 10	16
THE SITTER	KL. 6	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3.40	L
STÍGVEÐIÐ KÖTTURINN 3D	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MÍBILIS

THE DESCENDANTS	KL. 8 - 10.30	L
IRON LADY	KL. 5.40	L
MY WEEK WITH MARILYN	KL. 5.40	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MÍBILIS

THE ARTIST	KL. 6	16
THE GREY	KL. 8 - 10.10	L
THE DESCENDANTS	KL. 6	L
CONTRABAND	KL. 8 - 10.10	16

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midis.is **LAUGARÁS BÍÓ**
 Miðasala og nánari upplýsingar **www.laugarasbio.is**
 -bara lúxus sími 553 2075

LIAM NEESON
THE GREY
 ★★★★★

BALTASAR KORMAKUR
CONTRABAND
 ★★★★★
 B.G. - MBL

IRON LADY
 ★★★★★
 K.S. - MBL

RÚÐULEIKARARNIR
 ★★★★★

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE GREY	8, 10, 25
CONTRABAND	5.50, 8, 10, 15
THE IRON LADY	5.50, 8
PRÚÐULEIKARARNIR	5.40
TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY	10.15

SAMBÍÓINN **SAMBIO.IS**

MÖGNUÐ SPENNUMYND!
HEIMSFUMSÝNING
MAN ON A LEDGE

6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN
STEVEN SPIELBERG
 ★★★★★
 -K.S. New York Post

BALTASAR KORMAKUR
CONTRABAND
 ★★★★★
 L.V. Kvikmyndir.is
 FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA!

LEONARDO DICAPRIO
 ER STÖRKOSTLEGUR Í NY JASÍA MEISARAVERKNI
CLINT EASTWOOD
 ★★★★★
 The New York Times

UNDERWORLD
 awakening

THE MUPPETS
 ÍSLENSKUR TEXTI

GHOST PROTOCOL

SHERLOCK HOLMES
 a game of shadows

ALFABAKKA				EGILSHÖLL			
MAN ON A LEDGE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12	MAN ON A LEDGE	kl. 8 - 10:20	2D	12
CONTRABAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	16	WARHORSE	kl. 6 - 9	2D	12
CONTRABAND LUXUS VIP	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	16	J. EDGAR	kl. 7:30	2D	12
50/50	kl. 10:20	2D	12	UNDERWORLD	kl. 8 - 10:10	2D	16
PRÚÐULEIKARARNIR	kl. 5:40 - 8	2D	L	PRÚÐULEIKARARNIR	kl. 5:40	2D	L
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 5:30 - 8 - 10:40	2D	12	SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20	2D	12
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:40	2D	12	50/50	kl. 5:20	2D	12
STÍGVEÐIÐ KÖTTURINN	kl. 5:50	3D	L	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:30	2D	12
AKUREYRI				KRINGLUNNI			
MAN ON A LEDGE	kl. 8	2D	12	WAR HORSE	kl. 5 - 8 - 10:50	2D	12
UNDERWORLD 4	kl. 10:10	2D	12	J. EDGAR	kl. 8 - 10:45	2D	12
PRÚÐULEIKARARNIR	kl. 8	2D	16	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8	2D	12
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:10	2D	L	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:40	2D	12
CONTRABAND	kl. 8	2D	16	PRÚÐULEIKARARNIR	kl. 5:40	2D	L
50/50	kl. 8	2D	12	THE HELP	kl. 5	2D	L
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:10	2D	12				

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN
the Help TAKMARKADAR SÝNINGAR



SÉRFRÆÐINGAR Sérfræðingar á vegum Skin Doctors kynntu vörur sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

KAMPAVÍN OG SUSHI Á HÚÐVÖRUKYNNINGU

Kynningarpartí var haldið á Nauthóli á fimmtudagskvöld í tilefni þess að húðvörur frá Skin Doctors eru komnar á íslenskan markað. Boðið var upp á kampavín, sushi og tapasrétti, auk þess sem sérfræðingar kynntu kvenkyns gestunum nýju húðvörurnar.



PRJÁR HRESSAR Sjónvarpskonan Rikka, Tinna og Gígja voru á meðal gesta í kynningarpartíinu.



BROSMILDAR Sesselja Thorberg og Elísabet voru brosmildar á Nauthóli.



KAMPAVÍN OG SUSHI Sigrún Lilja, Auður og Hildur fengu sér kampavín og sushi.



GAMAN Guðfinna og Jóhanna Hot Jóga-kennari skemmtu sér vel í partíinu.



GUÐRÚN OG MARÍA Vinkonurnar Guðrún og María litu við.



Á KYNNINGU Bogga, Sigga og Anna María kynntu sér nýju húðvörurnar.

BÍÓ PARADÍS MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midis.is

MÁNUDAGUR: SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM 17:45, 20:00
 ■ SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:00 ■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15
 ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTTILES.

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**

SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM GRÆNLENSK HROLLVEKJA!
SUBMARINE FRÁBÆR BRESKUR HÚMOR!
FJÓRAR ÓSKARSTILNEFNINGAR

Metallica vildi Hogan

Fjölbragðaglímukappinn Hulk Hogan var nálægt því að ganga til liðs við hljómsveitina Metallica á fyrstu árum hennar. Hogan starfaði á sínum yngri árum sem hljóðversspilari og var góður vinur trommarans Lars Ulrich. „Ég spilaði á bassa. Ég var góður vinur Lars Ulrich og hann spurði mig hvort ég vildi spila á bassa með Metallica en það varð ekkert úr því,“ sagði Hogan í viðtali við The Sun. Hann bætti því við að hann væri mikill aðdáandi bresku sveitarinnar The Stone Roses.



HULK HOGAN Fjölbragðaglímukappinn var nálægt því að ganga til liðs við Metallica.

Pabbinn ósáttur við tiskusýningu Gaultier

Mitch Winehouse, faðir söngkonunnar sálugu Amy Winehouse, hefur gagnrýnt tiskuhönnuðinn Jean Paul Gaultier fyrir tiskusýninguna sem hann hélt í París til heiðurs Amy.

Á sýningunni gengu fyrirsetur eftir sýningarpallinum og litu út alveg eins og Amy; reykjandi, með sömu hárgreiðslu og förðun. „Fjölskyldan hennar komst í mikið uppnám þegar hún sá þessar myndir. Við erum ennþá að syrgja hana og þessi vika hefur verið erfið vegna þess að sex mánuður eru liðnir frá

dauða Amy,“ sagði faðir hennar. „Að sjá ímynd hennar notaða til að selja fót var eitthvað sem við bjuggumst ekki við.“

Hann bætti því við að Gaultier hefði ekki boðist til að láta fé af hendi rakna til Amy Winehouse-stofnunarinnar og öll uppákomman hefði greinilega verið haldin til að hann gæti grætt meiri pening. Gaultier hefur sjálfur sagt að sýningin hafi verið haldin til heiðurs Amy og að vinnan við hana hafi verið mjög ánægjuleg.



GAGNRÝNIR GAULTIER Mitch Winehouse hefur gagnrýnt Jean Paul Gaultier fyrir tiskusýningu hans. NORDICPHOTOS/GETTY



SNÚA AFTUR John Cleese og félagar hans í Monty Python ætla að starfa aftur saman eftir langt hlé.

Python aftur saman í bíó

Eftirlifandi meðlimir grínhópsins Monty Python ætla að starfa aftur saman á hvíta tjaldinu eftir langt hlé. Að sögn leikstjórans Terry Jones verður myndin í vísindaskáldsögustíl og heitir Absolutely Anything. Um teiknimynd er að ræða þar sem Python-hópurinn mun ljá hópi geimvera rödd sína. „Þetta er ekki Monty Python-mynd en hún líkist þeim samt að einhverju leyti,“ sagði Jones.

John Cleese, Terry Gilliam og Michael Palin taka allir þátt og hugsanlega Eric Idle. Robin Williams mun tala fyrir hundinn Dennis.



GUÐMÓÐIRIN Blue Ivy Carter fær eina valdamestu konu í heimi sem guðmóður, sjálfa spjallþáttadrottninguna Oprah Winfrey. NORDICPHOTOS/GETTY

Oprah Winfrey guðmóðir

Nýbókuðu foreldrarnir Beyoncé og Jay-Z hafa beðið sjónvarpsdrottninguna Oprah Winfrey um að vera guðmóður dóttur þeirra, Blue Ivy Carter. Stúlkan fæddist 8. janúar síðastliðinn og var það ósk Beyoncé og Jay-Z að guðforeldrarnir væru ekki hluti af fjölskyldum þeirra en guðfaðirinn er umboðsmaður Jay-Z, Tyran „Ty Ty“ Smith. Þrátt fyrir ungan aldur er barnið orðið einn af frægustu einstaklingum í heimi og ætti ekki að örvænta með eina valdamestu konu heims sem guðmóður en Winfrey sjálf er barnlaus.



BIOMEGA

VÍTAMÍN-FJÖLSKYLDAN

Vítamín sem mæta þörfum allra á heimilinu



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA • LITLAR TÖFLUR • NÝTT OG BETRA BRAGÐ
FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG STÓRVÖRUVERSLUNUM LANDSINS
SJÁ NÁNAR Á VITAMIN.IS



BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON, markvörður íslenska landsliðsins, var sá markvörður sem varði flest viti allra markvarða á EM í handbolta í Serbíu. Björgvin Páll varði 8 viti eins og Króatinn Mirko Alilovic en spilaði tveimur leikjum færri. Danski markvörðurinn Niklas Landin varð þriðji með sjö viti varin. Björgvin Páll varði aðeins 1 af 8 vítum í riðlakeppninni en varði hinsvegar 7 af 16 vítum sem hann reyndi við í þremur leikjum Íslands í milliriðlinum.

ÚRSLIT

Enski bikarinn í knattspyrnu

Úrslit í 4. umferð

QPR - Chelsea	0-1
0-1 Juan Mata (62.)	
Heiðar Helguson var í byrjunarliði QPR en var skipt af velli í hálfleik.	
Liverpool - Manchester United	2-1
1-0 Daniel Agger (20.), 1-1 Ji-Sung Park (39.), 2-1 Dirk Kuyt (88.)	
Bolton - Swansea	2-1
0-1 Luke Moore (43.), 1-1 Darren Pratley (45.), 2-1 Chris Eagles (56.)	
Grétar Rafn Steinsson var ekki í leikmannahópi Bolton. Gylfi Þór Sigurðsson sat allan tímann á varamannabekk Swansea.	
Sunderland - Middlesbrough	*1-1
0-1 B. Robson (16.), 1-1 Frazier Campbell (59.)	
Arsenal - Aston Villa	3-2
0-1 Richard Dunne (33.), 0-2 Darren Bent (45.), 1-2 Robin van Persie viti (54.), 2-2 Theo Walcott (57.), Robin van Persie viti (61.)	
Blackpool - Sheffield Wednesday	*1-1
Derby - Stoke	0-2
Hull - Crawley	0-1
Leicester - Swindon	2-0
Millwall - Southampton	*1-1
Sheffield United - Birmingham	0-4
Stevenage - Notts County	1-0
West Brom - Norwich	1-2
Brighton - Newcastle	1-0
*Liðin þurfa að mætast að nýju	

Drátturinn í 5. umferð

Liverpool - Brighton Hove & Albion
Everton - Blackpool/Sheffield Wednesday
Chelsea - Birmingham
Crawley - Stoke
Stevenage - Tottenham
Norwich - Leicester
Middlesbrough/Sunderland - Arsenal
Millwall/Southampton - Bolton
*Leikirnir fara fram helgina 18.-19. febrúar.



HETJAN Kuyt hefur oftast en einu sinni reynt United erfiður viðureignar.

Fullkomin bikarvika Liverpool: Kuyt hetjan á síðustu stundu

FÓTBOLTI Dirk Kuyt var hetja Liverpool þegar liðið sló Manchester United út úr enska bikarnum á laugardaginn. Allt stefndi í 1-1 jafntefli þegar Hollendingurinn tryggði heimamönnum sætan sigur. Martröð United á Anfield heldur áfram en liðið hefur ekki unnið þar síðan í desember 2007.

Fyrir í vikunni sló Liverpool Manchester City úr leik í deildabikarnum og bikarvika Liverpool-manna því fullkomin. Liverpool mætir Brighton Hove & Albion í næstu umferð. B-deildarliðið vann óvæntan sigur á úrvalsdeildarliði Newcastle.

Arsenal vann ótrúlegan 3-2 sigur á Aston Villa. Gestirnir komust tveimur mörkum yfir í fyrri hálfleik og útlitið svart hjá lærisveinum Arsene Wenger. Í síðari hálfleik settu heimamenn í fluggirinn og skoruðu þrjú mörk á átta mínútum. Robin van Persie var öryggjull uppmálað á vítapunktinum í tvígang. Þá skoraði Theo Walcott skrautlegt mark þegar hreinsun varnarmanna Villa fór af honum í netið.

Chelsea vann dýrkeyptan 1-0 sigur á Heiðari Helgusyni og félagum á Loftus Road. Ramires, brasilíski miðjumaðurinn, varð fyrir hnémeiðslum og verður frá keppni í nokkrar vikur.

Frábær afmælisgjöf Dana til ÍSÍ

Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í handknattleik, segir Ísland hafa fengið auðveldasta undanriðilinn fyrir Ólympíuleikana. Þá mætir Ísland Hollandi í umspilsleikjum fyrir HM 2013.

HANDBOLTI Möguleikar íslenska karlalandsliðsins um sæti á Ólympíuleikunum jukust til muna með sigri Dana á Serbum í úrslitaleik EM í handbolta í gær. Segja má að Danir hafi gefið Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands glæsilega afmælisgjöf á 100 ára afmælinu en komist landsliðið til London fjölgar fulltrúum Íslands á leikunum til muna.

Ísland fékk sæti í eina undanriðlinum sem hefur á að skipa tveimur Evrópuþjóðum. Ísland mætir Króötum, Japönnum og Síle en leikið verður í Króatíu 6.-8. apríl.

Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði landsliðsins, sagðist samgledjast liðsfélögum sínum hjá AG Kaupmannahöfn í danska landsliðinu. Hann sagðist ekki geta neit að því að riðill Íslands væri sá auðveldasti á pappírnum.

„Þetta er riðill sem við eigum möguleika á að klára og vonum að við tryggjum okkur eitt af

Við erum klárlega sigurstranglegra liðið. Við eigum vel að geta klárað þetta verkefni.

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON FYRIRLIÐI ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS

tveimur efstu sætunum og sæti á Ólympíuleikunum. Það væri frábært,“ sagði Guðjón Valur.

Leikið við Holland í júní

Ísland datt einnig í lukkupottinn þegar dregið var hvaða lið mættust í umspilsleikjum um sæti á HM á Spáni 2013. Ísland mætir Hollandi sem var eitt af lægst skrifuðu liðunum sem voru í boði.

„Við erum klárlega sigurstranglegra liðið. Við eigum vel að geta klárað þetta verkefni. Það hefur hins vegar sýnt sig á Evrópumótinu í Serbíu að það eru rosalega margar góðar þjóðir orðnar til og þýðir ekki að van-



FRÁBÆR DAGUR Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins, hafði yfir nægu að fagna í gær enda féll þá allt með strákunum okkar.

Riðillinn okkar í Króatíu

Króatía	3. sæti á EM 2012
Ísland	10. sæti á EM 2012
Japan	2. besta liðið í Asíu
Síle	3. besta liðið í Ameríku
- leikirnir fara fram 6. til 8. apríl	

Riðlarnir sem við sluppum við

Riðill eitt fer fram á Spáni:	
Spánn	4. sæti á EM 2012
Pólland	9. sæti á EM 2012
Serbía	2. sæti á EM 2012
Alsír	2. besta liðið frá Afríku
Riðill tvö fer fram í Svíþjóð:	
Svíþjóð	12. sæti á EM 2012
Ungverjaland	8. sæti á EM 2012
Brasilía	2. besta liðið í Ameríku
Makedónía	5. sæti á EM 2012

meta neina þeirra,“ sagði Guðjón Valur um möguleika Íslands. Hann segir Holland þó eiga ágæta leikmenn í tveimur efstu deildum þýska handboltans en hópur þeirra sé þó ekki jafnstærkur og breiður og sá íslenski.

Fyrri leikurinn fer fram hér á landi helgina 9.-10. júní. Síðari leikurinn fer fram viku síðar, mögulega á Þjóðhátíðardaginn 17. júní.

„Það hafa verið skemmtilegustu leikirnir sem við höfum spilað undanfarin ár á Þjóðhátíðardaginn,“ sagði Guðjón Valur sem hefði viljað fá síðari leikinn á heimavelli. Hann segir að það sé mikilvægt fyrir handknattleikinn á Íslandi að landsliðin séu áskrifendur að stórmótunum.

Lífsnauðsynlegt að vera með

„Við þurfum að sjálfsögðu að undirbúa okkur vel en ætlum okkur klárlega sigur til þess að halda okkur inni á þessum stórmótum. Það er lífsnauðsynlegt fyrir handknattleikssambandið að landsliðin séu inni á stórmótum svo það sé hægt að halda lífi í handboltanum á Íslandi,“ sagði Guðjón Valur.

Guðjón Valur Sigurðsson var í gær valinn besti vinstri hornamaðurinn á Evrópumótinu í Serbíu:

Eigum mann í sérflokkki fjórða mótið í röð

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson var valinn í úrvalsliðið á Evrópumótinu í Serbíu í gær en enginn spilaði betur í mótinu af vinstri hornamönnum að mati sérfræðinga evrópska sambandsins. Þetta er fjórða stórmót íslenska landsliðsins í röð þar sem Ísland á fulltrúa í úrvalsliði og alls hafa sex íslenskir leikmenn þótt skara framúr á þessum fjórum mótum.

„Ég get ekki sagt að ég hafi verið hoppandi heljarstökk. Þetta er auðvitað skemmtileg viðurkenning en það er alltaf erfitt að veita einstaklingsverðlaun í hópíþrótt,“ sagði Guðjón Valur hógværdin uppmálað og bætti við:

„Maður fær þessi verðlaun út á liðsfélagana. Maður er ekki að gera hlutina sjálfur inni á vellinum heldur þarf margar hendur til að skora mörk. Meira en 90 prósent af þessu er þökk sé liðsfélögum.“

Guðjón Valur tók við fyrirliðabandinu í forföllum Ólafs Stefánssonar á EM í Serbíu og skilaði sínu hlutverki frábærlega. Hann skoraði 41 mark í sex leikjum eða 6,8 mörk að meðaltali í leik. Þetta er hæsta meðalskor íslensks leikmanns á stórmóti síðan Ólafur Stefánsson skoraði 8,3 mörk að



FJÓRIR FRÆKNIR Guðjón Valur Sigurðsson, Alexander Petersson, Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson hafa allir komist í úrvalslið á stórmótum síðustu ár.



meðaltali á EM í Sviss 2006.

Íslenskir leikmenn hafa verið í sérflokkki á síðustu stórmótum ef marka má val á úrvalsliðum mótanna. Hér er undanskilið heimsmeistaramótið í Króatíu 2009 en

íslenska liðið var ekki með á því móti.

Guðjón Valur var einnig valinn í úrvalslið Ólympíuleikanna í Peking ásamt þeim Snorra Stein Guðjónssyni og Ólafi Stefánssyni.

Ólafur var valinn í úrvalslið Evrópumótsins í Austurríki en hann var einnig valinn í úrvalsliðið á Evrópumótunum í Sviss 2006 og í Svíþjóð 2002.

Alexander Petersson var valinn í úrvalslið Heimsmeistaramótsins í Svíþjóð í fyrria þegar íslenska liðið náði sjötta sætinu.

Það setur árangur íslenska liðsins á EM í Serbíu í smá samhengi að Guðjón Valur var sá eini af fyrrnefndum leikmönnum sem lék með liðinu í milliriðlinum. Alexander gat ekki leikið með í síðustu þremur leikjum vegna meiðsla og Ólafur og Snorri Steinn voru ekki með á þessu móti.

Íslendingar í úrvalsliði stórmóta síðustu ár:

ÓL 2008	
Guðjón Valur Sigurðss.	5,4 mörk í leik
Snorri Steinn Guðjónsson	6,0
Ólafur Stefánsson	3,6
EM 2010	
Ólafur Stefánsson	4,0
HM 2011	
Alexander Petersson	5,9
EM 2012	
Guðjón Valur Sigursson	6,8



VEISLU- VIKA

24.-31.
janúar

10
kjúklingabitar,
stór
skammtur
af frönskum
& 2 lítra
gos

2.990
kr.



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

ÚRSLIT

Iceland Express-deild kvk

Fjölnir-Hamar 76-81 (33-42)
Fjölnir: Brittney Jones 36/5 fráköst/12 stoðsendingar, Birna Eiríksdóttir 21/5 fráköst, Bergdís Ragnarsdóttir 9/10 fráköst, Eva María Emilsdóttir 4, Heiðrún Harpa Ríkharsdóttir 2, Erla Sif Kristinsdóttir 2, Huguína Eva Valdísarsdóttir 2.

Hamar: Samantha Murphy 20/9 fráköst/5 stoðsendingar, Katherine Virginia Graham 20/8 stoðsendingar/6 stölnir, Marín Laufey Davíðsdóttir 12/11 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 11/7 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 6, Jenný Harðardóttir 4, Álfhildur Þorsteinsdóttir 4, Kristrún Rut Antonsdóttir 2, Dagný Lís Davíðsdóttir 2.

Valur-KR 86-57 (43-29)
Valur: Melissa Leichltner 21/5 stoðsendingar/5 stölnir, Guðbjörg Sverrisdóttir 17, Lacey Katrice Simpson 14/17 fráköst/6 stölnir, Þórunn Bjarnadóttir 11, Kristrún Sigurjónsdóttir 10, María Ben Erlingsdóttir 10/10 fráköst/3 varin skot, Ragnheiður Benónisdóttir 2, Berglind Karen Ingvarsdóttir 1.

KR: Hafúrín Hálfánardóttir 14, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13/8 fráköst, Erica Prosser 12/5 fráköst, Margrét Kara Sturludóttir 8/10 fráköst/6 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 5, Kristbjörg Pálsdóttir 3, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2.

Snæfell-Njarðvík 60-84 (28-42)
Snæfell: Kieraah Marlow 24/7 fráköst, Hildur Sigurdardóttir 12/10 fráköst/6 stoðsendingar, Jordan Lee Murphree 7/4 fráköst/5 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 6/5 fráköst/3 varin skot, Björg Guðrún Einarisdóttir 5, Hildur Björg Kjartansdóttir 4, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 2.

Njarðvík: Petrunella Skúladóttir 29, Shanae Baker-Brice 27/13 fráköst/6 stoðsendingar, Lele Hardy 18/20 fráköst/8 stoðsendingar, Eyrún Líf Sigurðardóttir 3, Ólöf Helga Pálsdóttir 3, Harpa Hallgrímsdóttir 2, Sara Dögg Margeirsdóttir 2.

Keflavík-Haukar 78-75 (25-41)

Keflavík: Jaleesa Butler 24/10 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 20/7 fráköst, Shanika Chantel Butler 14/6 stoðsendingar, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 11/5 fráköst, Helga Hallgrímsdóttir 7/7 fráköst, Hrunn Jóhannsdóttir 2.

Haukar: Hope Elam 24/12 fráköst/4 varin skot, Jence Ann Rhoads 21/9 fráköst/6 stölnir, Íris Sverrisdóttir 12/4 fráköst, Margrét Rósa Hálfánardóttir 7/5 stoðsendingar, María Lind Sigurðardóttir 4, Guðrún Ósk Ámundardóttir 4, Gunnhildur Gunnarsdóttir 3.

STAÐAN

Keflavík	19	16	3	1483-1304	32
Njarðvík	19	14	5	1589-1411	28
Haukar	19	11	8	1433-1367	22
KR	19	11	8	1418-1318	22

Snæfell	19	8	10	1295-1377	16
Valur	19	7	12	1331-1416	14
Fjölnir	19	5	14	1366-1572	10

Hamar	19	4	15	1312-1462	8
-------	----	---	----	-----------	---

NI-deild kvenna

Valur - Stjarnan 24-15 (9-7)

Mörk Vals (skot): Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 7/2 (8/2), Dagný Skúladóttir 5 (7), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (5), Karólína Bærhenz Gunnarsdóttir 4 (5), Arnís María Erlingsdóttir 2 (2), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (1), Kristín Guðmundsdóttir 1 (6), Ágústa Edda Björnsdóttir (1), Rebekka Rut Skúladóttir (1), Heiðís Rún Guðmundsdóttir (2), Nataly Sæunn Valencia (4), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir (4).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 19 (29, 66%), Sunneva Einarisdóttir 5/1 (10/2, 50%).

Mörk Stjornunar (skot): Sólveig Lára Kjærnested 5 (12), Hildur Harðardóttir 3 (7), Þórhildur Gunnarsdóttir 2/1 (5/1), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2 (6), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 1 (1), Helena Rut Órvarsdóttir 1 (2), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1 (7/1), Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir (1), Rut Steinsen (7).

Varin skot: Kristín Ósk Sævarsdóttir 18 (42/2, 43%).

Grótta-ÍBV 19-26 (9-12)

Mörk Gróttu: Sunna María Einarisdóttir 6, Björg Fenger 5, Unnur Ómarsdóttir 3, Elín Helga Jónsdóttir 2, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 1, Tinna Gautadóttir 1, Rebekka Guðmundsdóttir 1. **Mörk ÍBV:** Þórstína Sigurbjörnsdóttir 8, Georgetta Grigore 5, Marijana Trbojevic 4, Aníta Elíasdóttir 3, Ivana Mladenovic 2, Ester Óskarsd. 2, Guðdís Jónatansd. 1, Drífa Þorvaldsd. 1.

Haukar-FH 32-23 (16-12)

Mörk Hauka: Dána Kristín Sigmarsdóttir 7, Marija Gedroit 7, Ásta Björk Agnarsdóttir 6, Karen Helga Sigurjónsdóttir 4, Silja Isberg 3, Viktoría Valdísarsdóttir 2, Elsa Björg Arnadóttir 1, Ásthildur Friðgeirsdóttir 1, Gunnhildur Pétursd. 1. **Mörk FH:** Berglind Ósk Björgvinsdóttir 5, Steinunn Snorrardóttir 4, Kristrún Steinþórsdóttir 3, Indiana Jóhannesdóttir 3, Sigrún Jóhannsdóttir 2, Birna Íris Helgadóttir 2, Hind Hannesdóttir 2, Margrét Ósk Aronsdóttir 1, Anita Mjöll Ægisd. 1.

STAÐAN

Valur	9	8	0	1	273-188	16
Fram	8	7	0	1	246-181	14
HK	8	6	0	2	241-208	12
ÍBV	9	6	0	3	247-207	12
Stjarnan	9	5	0	4	249-237	10
Haukar	9	3	0	6	230-282	6
Grótta	9	1	1	7	207-268	3
FH	9	1	1	7	186-259	3
KA/Þór	8	1	0	7	185-234	2

NÆSTU LEIKIR:

HK - Fram	Þrið. kl. 19.30
Fram - FH	Fös. kl. 20.00
ÍBV - Valur	Lau. 4. feb 13.00
Grótta - Haukar	Lau. 4. feb 14.00
KA/Þór - HK	Lau. 4. feb 16.00



TITILLINN Á LOFT Aldursforsetinn Lars Christiansen tók við skildinum við mikinn fögnuð samherja sinna. Lítið var þó um fagnaðarlæti meðal heimamanna í stúkuni.

DANIR BESTIR Í EVRÓPU

Danir urðu Evrópumeistarar í annað sinn eftir sigur á gestgjöfum Serba. Komu stigalausir inn í milliriðilinn en unnu fimm síðustu leiki sína á mótinu.

HANDBOLTI Danmörk sigraði Serbíu 21-19 í úrslitaleik Evrópumeistararmótins í handbolta í gær. Danmörk varð þar með Evrópumeistari í annað sinn en liðið vann einnig í Noregi 2008.

Eins og markatalan gefur til kynna voru varnir liðanna og markverðir í aðalhlutverki. Sérstaklega fór Niklas Landin í marki Danmerkur mikinn en hann varði 22 skot í leiknum.

Fyrir utan þegar staðan var 2-2 voru Danir yfir allan leikinn og þó Serbar hafi aldrei verið langt undan var sigurinn fyllilega verðskuldaður og létu Danir 20.000 háværa serbneska áhorfendur lítið á sig fá.

Þegar sigla þurfti leiknum heim tók stórskyttan Mikkel Hansen til sinna

GLEDI Lindberg og Landin féllust í faðma þegar sigurinn var í höfn.

NORDIC PHOTOS / AFP

ráða. Hansen skoraði fimm af sjö síðustu mörkum Danmerkur og alls níu mörk í aðeins 13 skotum í leiknum. Á sama tíma áttu helstu skyttur Serbíu í miklum vandræðum með að koma boltanum fram hjá Landin fyrir aftan frábæra vörn Danmerkur.

Ulrik Wilbek þjálfari Danmerkur

ur var að vonum glaður þegar hann gerði upp leikinn á blaðamannafundi eftir leikinn.

„Þetta Evrópumeistaramót var algjör rússbanareid fyrir danska liðið. Við töpuðum tveimur af þremur fyrstu leikjum okkar í keppinni. Við byrjuðum á að tapa fyrir Serbíu og ég sagði eftir þann leik að ég vonaði að við myndum mætast aftur,“ sagði Wilbek.

„Þetta var mjög taktískur úrslitaleikur. Ég held að Serbía hafi verið þreytt og vörnin okkar og Mikkel Hansen gerðu gæfumuinn. Hansen var frábær í taktískri baráttu sterkra varna,“ sagði Wilbek.

Rasmus Lauge var ekki í vafa með hvað skilaði titlinum til Danmerkur. „Vörnin okkar var frábær, hún var aldrei betri í mótinu. Það var frábært að koma til baka eftir lélega byrjun á mótinu og vinna fimm síðustu leikina og tryggja sér gullið,“ sagði skyttan unga.

- gmi



TIL HAMINGJU FÉLAGI Tiger óskar Rock til hamingju með sigurinn.

NORDIC PHOTOS / GETTY

Evrópumótaröðin í golfi: Rock hafði betur gegn Woods


GOLF Lítt þekktur enskur kylfingur að nafni Robert Rock skaust óvænt upp á stjörnuhimininn þegar hann tryggði sér sigurinn á Abu Dhabi HSBC golfmótinu á Evrópumótaröðinni í gær.

Rock vann opna ítalska meistaramótið í fyrra en það sem gerir þennan sigur enn sérstakari var að hann deildi forystunni með Tiger Woods fyrir lokadaginn.

Tiger náði sér ekki á strik og lék á pari og hafnaði í þriðja sæti ásamt Graeme Dowell og Thomas Björn á ellefu undir pari en Tiger Woods átti í miklum vandræðum með upphafshögg sín á lokadeginum og það varð honum að falli.

Rock gat leyft sér að fá skolla á lokahollunni en hann lék lokadaginn á 70 höggum eða tveimur undir pari og alls á 13 undir pari, höggi á undan Norður-Íranum Rory McIlroy sem lék lokahringinn á 69 höggum.

- gmi



ÚR AÐ OFAN Djokovic fagnaði sigrinum á Nadal vel og innilega.

NORDIC PHOTOS / GETTY

Opna ástralska í tennis:

Djokovic vann í maraþonleik

TENNIS Novak Djokovic vann sigur á Spánverjanum Rafael Nadal í úrslitum Opna ástralska meistaramótins í tennis í gær. Leikurinn fór í fimm sett en Serbinn hafði sigur 5-7, 6-4, 6-2, 7-6 og 7-5. Viðureign kappanna tók tæpar sex klukkustundir og er lengsti úrslitaleikur í 107 ára sögu mótsins.

Djokovic, sem er í efsta sæti heimslustans, hefur unnið fjögur af síðustu fimm stórmótunum í tennis. Með sigrinum skráði hann nafn sitt í sögubækurnar. Hann er aðeins sá fimmti í sögu íþróttrinnar sem vinnur þrjú stórmót í röð.

Hvít-Rússinn Victora Azarenka bar sigur úr býtum í kvennaflokki. Hún vann sannfærandi sigur á Mariu Sharapovu frá Rússlandi 6-3 og 6-0.

Þetta var í fyrsta sinn sem Hvít-Rússinn spilar til úrslita á stórmóti og vann hún því sigur í sinni fyrstu tilraun.

- ltd

Marín Laufey Davíðsdóttir fór á kostum í glímu og körfubolta á laugardaginn:

Gerir ekki upp á milli íþróttanna

GLÍMA Marín Laufey Davíðsdóttir úr Héraðssambandinu Skarphéðni sigraði í opnum flokki á Bikarmóti Íslands í glímu á laugardaginn. Hún hafði ekki langan tíma til að fagna sigrinum því síðar um daginn var hún í eldínunni með Hamri sem sigraði Fjölni í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.

Dagurinn byrjaði reyndar ekkert sérstaklega fyrir Marín sem varð að setta sig við 4. sætið í sínum þyngdarflokki, 65+ kg flokki. Hún sagðist ekki hafa mætt nógu ákveðin til leiks en það átti eftir að breytast þegar kom að opna flokknum síðar um daginn. Þar lagði hún alla andstæðinga sína að velli og sigraði Guðbjörtu Lóu Þorgrímsdóttur úr Glímufélagi Dalamanna í úrslitum með klobragði.

„Vegna hæðarinnar á ég auðveldara með hábrögðin og klobragðið hefur verið að nýttast mér mjög vel,“ sagði Marín sem er hávaxnari en stöllur hennar í glímunni. Í klobragðinu er önnur löppin á milli fóta andstæðingsins, honum lyft upp og komið úr jafnvægi áður en hann lendir á gólfinu. Að úrslitaglímuni lokinni var brunað í Grafarvoginn þangað sem Hamarskonur sóttu Fjölni heim.

„Það kom mér á óvart hvað ég var lítið þreytt eftir glímunna. En um kvöldið var ég svo örmagna,“ sagði Marín sem skoraði 12 stig og tók 11 fráköst í 81-76 útisigri Hvergerðinga.



ÚR VÖNDU AÐ VELJA Marín Laufey hefur æft körfubolta í 6 ár og glímu í fjögur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÓSKARÓ

Marín, sem verður 17 ára í maí, segir íþróttirnar eiga ýmislegt sameiginlegt. Þannig nýttist sprengikrafturinn og snerpan í báðum íþróttum.

„Í glímunni skiptir maður allt í einu úr stígangna yfir í bragð þar sem þarf mikinn kraft. Hið sama er uppi á teningnum í körfunni þegar maður þarf að spretta upp völlinn eftir að hafa staðið vaktina í vörninni,“ segir Marín.

Sunnlendingurinn hefur í nógu að snúast. Auk þess að sinna glímunni og körfuboltanum er hún í hestamennsku á sumrin. Hún

segist reyna að sinna öllu sem hún geri vel en körfuboltinn fái þó heilt á lítið mesta athygli.

„Eftir því sem maður verður eldri eykst pressan að velja þá íþrótt sem maður vill einblína á. Ég er samt ekki komin á þann stað ennþá,“ segir Marín sem á greinilega framtíðina fyrir sér á fleiri sviðum en einu.

Pétur Eyþórsson úr Glímufélaginu Ármanni vann sigur í opnum flokki karla eftir úrslitaglímur við frænda sinn og Mývetninginn Bjarna Þór Gunnarsson.

- ltd

> Stöð 2 kl. 21.40

V

Önnur þáttaröðin um gestina dularfullu sem taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Þetta eru spennandi þættir sem byggðir eru á frægri míniseriu frá 1983.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ ER RINGLAÐUR

Handboltaheilabrot

Handbolti er sérkennileg íþrótt. Þetta hnoð hefur verið nefnt þjóðaríþrótt Íslendinga og má til sanns vegar færa. Íslendingum fer ágætlega að hnoðast. Þjóðin sameinast fyrir framan sjónvarpstækin þegar íslenska karlalandsliðið leikur á stórmótum og allir hafa þá skoðun á liðinu. Gamla frænkur eru með það á hreinu að Róbert geti kastað sér aftur á bak inn af línunni og hent boltanum aftur fyrir sig og afar þekka kosti og galla Björgvins Páls þegar kemur að því að verja viti. Það er vel. Það er gott að sameinast yfir einhverju og sem betur fer hefur handbolta-landsliðið oft og tíðum veitt Íslendingum eitthvað til að gleðjast yfir. Árangurinn á Evrópumótinu í Serbíu var þó ekki í takti við væntingar og liðið fór því fyrr heim en vonast var til. Eftir stöðu

því önnur lið að leika þessa sömu íþrótt. Þegar ekki er lengur íslenskt lið á skjánum til að missa sig yfir kemur hins vegar í ljós að handbolti er gjörsamlega óskiljanleg íþrótt. Þegar maður horfir á danska, króatíska eða serbneska leikmenn kljást á vellið kemur í ljós að það er ekki heil brú í reglum íþróttarinnar. Hún snýst um slagsmál, en þó bara hæfilega mikil. Ef farið er yfir einhverja línu, sem aðeins er til í hugum dómara, hættir þetta að vera harður varnarleikur og verður brot. Þess vegna viljum við að íslenska liðið nái sem lengst á stórmótum. Það er einfaldlega ekki hægt að horfa á handbolta þegar önnur lið spila.



RÚV

- 14.45 Silfur Egils (e)
- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.15 Babar (13:26)
- 17.37 Mærin Mæja (52:52)
- 17.45 Leonardo (1:13) (Leonardo) Bresk þáttaröð um Leonardo da Vinci á yngri árum.
- 18.15 Táknálsfréttir
- 18.25 Tónspor (1:6) (Sigríður Soffía Nielsdóttir og Pórarinn Guðnason) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Mannlíkaminn (1:4) (Inside the Human Body) Fræðslumyndaflokkur frá BBC.
- 21.10 Hefnd (8:22) (Revenge)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Óvættir í mannlíki (5:8) (Being Human II) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur; varúlf, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20 Reykjavíkurlíkaminn Brot af því besta af Alþjóðlegu Reykjavíkurlíkaminn sem fram fóru 21. og 22. janúar. Á mótinu er keppt í ýmsum íþróttagreinum um alla Reykjavík.
- 00.05 Trúður (5:10) (Klovn V) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.30 Kastljós (e)
- 01.05 Fréttir
- 01.20 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 The Object of My Affection
- 10.00 There's Something About Mary
- 12.00 Gosi
- 14.00 The Object of My Affection
- 16.00 There's Something About Mary
- 18.00 Gosi
- 20.00 Goya's Ghosts
- 22.00 Wild West Comedy Show
- 00.00 Colour Me Kubrick. A True... ish Story
- 02.00 The Moguls
- 04.00 Wild West Comedy Show
- 06.00 Lakeview Terrace

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími
- 08.15 Í finu formi
- 08.30 Oprah
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (34:175)
- 10.15 Mercy (22:22)
- 11.00 Falcon Crest (5:30)
- 11.45 Under the Sea 3D Mögnuð heimildarmynd um fjölbreytt sjávarlíf strandsvæða Suður-Ástralíu, Nýju Gíneou og Vestur-Kyrrahafs og áhrif hlýnunar í hafinu.
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (3:24)
- 13.25 America's Got Talent (23:32)
- 14.45 America's Got Talent (24:32)
- 15.30 ET Weekend
- 16.15 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (3:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In The Middle (15:22)
- 19.45 Hank (8:10)
- 20.10 The Block (5:9)
- 20.55 The Glades (5:13)
- 21.40 V (1:10) Önnur þáttaröðin um gestina dularfullu sem taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti gripur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jafnar við dyrkun. Einhverjir eru þó ekki eins sannfærðir og grunar að gestirnir séu í raun úlfar í sauðargæru.
- 22.25 Supernatural (1:22)
- 23.10 Twin Peaks (6:22)
- 23.55 Better Of Ted (5:13)
- 00.15 Modern Family (8:24)
- 00.40 Mike & Molly (20:24)
- 01.00 Chuck (19:24)
- 01.45 Burn Notice (3:20)
- 02.30 Community (16:25)
- 02.55 Boy Interrupted
- 04.30 The Glades (5:13)
- 05.15 Malcolm In The Middle (15:22)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Arsenal - Aston Villa Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppinnar.
- 15.15 Brighton - Newcastle Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppinnar.
- 17.00 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppinnar.
- 18.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Zaragoza
- 20.30 Ensku bikarmörkin
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.40 Meistaradeild Evrópu: Villarreal - Man. City
- 23.30 Golfskóli Birgis Leifs (3:12)

SPORT 2

- 17.45 Premier League Review 2011/12
- 18.40 Charlton Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sem gerði garðinn frægann með Manchester United.
- 19.10 Man. City - Norwich
- 21.00 Premier League Review 2011/12
- 22.00 Football League Show
- 22.30 Man. Utd. - Wigan

EXTRA

- 18.35 The Doctors (37:175)
- 19.20 Wonder Years (14:23)
- 19.45 Wonder Years (15:23)
- 20.15 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Mentalist (6:24)
- 22.35 The Kennedys (4:8) Ein umtaladasta sjónvarpsríka síðustu ára þar sem fylgst er með lífshlaupi John F. Kennedy, frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum, frá valdatíð hans, velgengi og leyndarmálum.
- 23.25 Mad Men (12:13)
- 00.10 Malcolm In The Middle (15:22)
- 00.35 Hank (8:10)
- 00.55 60 mínútur
- 01.35 Wonder Years (14:23)
- 02.00 Wonder Years (15:23)
- 02.25 The Doctors (37:175)
- 03.05 Íslenski listinn
- 03.30 Sjáðu
- 03.55 Fréttir Stöðvar 2
- 04.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 14.30 Minute To Win It (e)
- 15.15 Once Upon A Time (4:22) (e)
- 16.05 Game Tívi (1:14) (e)
- 16.35 Rachael Ray
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Top Gear (4:6) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (27:48)
- 19.20 Everybody Loves Raymond (12:26) Endursýningar frá upphafi á þessum sívinsælu gamanþáttum.
- 19.45 Will & Grace (21:25) (e) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
- 20.10 90210 (3:22) Annie á í vandræðum með að borga inngöngugjald í systrafélagið og leitar leiða til að afla sér fjár. Ivy er pirruð á hluttekningarleysi félaga sinna varðandi veikindi Raj og Navid þarf að berjast gegn fofurbróður sínum.
- 20.55 Parenthood (22:22) Á meðan Adam botnar ekkert í gegnum Max, býður Kristína fram aðstoð sína til Haddie.
- 21.40 CSI (4:22) Fyrrum borgarstjóri Las Vegas er skotinn á glæsilegri listasafnsöfnun og þarna finnst myrt á hótellherbergi karlrembu frá Mið-Austurlöndum.
- 22.30 Jimmy Kimmel
- 23.15 Law & Order: Special Victims Unit (18:24) (e)
- 00.00 Outsourced (20:22) (e)
- 00.25 Eureka (4:20) (e)
- 01.15 Everybody Loves Raymond (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.35 Farmers Insurance Open 2012 (4:4) 13.05 Abu Dhabi Golf Championship (4:4) 17.05 PGA Tour - Highlights (3:45) 18.00 Golfing World 18.50 Farmers Insurance Open 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights (1:25) 23.45 ESPN America

N4

18.00 Að norðan

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfrégnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfrégnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfrégnir 12.50 Dánarfrégnir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjörnur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Úr Bernskunni 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfrégnir 18.53 Dánarfrégnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfrégnir 22.10 Orð kvöldsdins 22.20 Tónlistarklúbburinn 23.20 Listræninginn 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 06.25 Fawly Towers 08.40 The Inspector Lynley Mysteries 10.10 Come Dine With Me 11.00 EastEnders 11.30 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 12.15 Top Gear 13.05 Fawly Towers 15.20 QI 16.20 Top Gear 17.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 17.55 Come Dine With Me 18.45 QI 19.45 Top Gear 21.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 21.45 Peep Show 22.15 Live at the Apollo 23.05 QI 00.05 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 00.50 Peep Show 01.20 The Graham Norton Show

DR 1

- 13.30 Sporlæs 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Livet i Fagervik 15.00 Postmand Per. Specialposttjenesten 15.20 Timmy-tid 15.30 Willas vilde dyr 16.00 Rockford 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Søren Ryge præsenterer 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Livets planet 19.50 Bagom Livets planet 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 2012 21.00 Kriminalkommissær Foyle 22.35 Homeland - Nationens sikkerhed 23.20 Homeland - Nationens sikkerhed

NRK 1

- 12.05 Færkveid 12.45 Verdensarven 13.00 NRK nyheter 13.05 Ingen grenser 14.00 NRK nyheter 14.10 Jessica Fletcher 15.00 NRK nyheter 15.10 Popstokk 16.00 NRK nyheter 16.10 Solgt! 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Tegnspråknytt 17.00 Færkveid 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsreuyen 18.45 Puls 19.15 Salt & Pepper 19.45 Tradisjonshandverk 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsreuyen 21. 20.30 Brille 21.00 Broen 22.00 Kveldebytt 22.15 Taggart 23.25 Nytt på nytt 23.55 Ei iskald ver

svt1

- 13.30 Hans majestät får vänta 15.00 Rapport 15.05 Gomoron Sverige 15.55 Familjehemligheter 16.50 Bakom 30 grader i februari 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturmysterierna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Blåddärrar 2 - vägen tillbaka 20.00 Den stora översvämnin-gen 20.50 Räddade av gränspolisens 21.00 Pop och politik 21.30 Jakten på det demokratiska klassrummet 22.00 Familjehemligheter 22.55 Hurligruten - minut för minut

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Skuggar Reykjavíkur 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistranna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM


- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |

Nú fylgja 2 frítt með

Bættu LGG + við daglegan morgunverð fjölskyldunnar og styrktu ónæmiskerfið.



Ein á dag
Fyrir fulla virkni



Eiginleikar LGG+

- + stuðlar að velliðan
- + styrkir varnir líkamans
- + bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
- + eykur mótstöðuafli
- + hentar fólki á öllum aldri
- + er bragðgóð næring



Þú getur lesið meira um LGG+ á
ms.is/lgg

Vetrarbomba!

Forréttir

Bruschetta Mozzarella

Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

Bruschetta Prosciutto

Prosciutto de parma, pestó og Prima Donna ostur.

Carpaccio classico

Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettsalati, parmesanosti og klettsalatspestó.

Ravioli Fritti

Stökkt ravioli með fjögurra osta fyllingu og bragðmikilli arrabbiata sósu.



Eftirréttir

Tiramisu a la Nino

Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

Amaretto súkkulaði Brownie

Með vanillu gelato.

3ja rétta matseðill aðeins 2.990 kr.

- Þú velur 1 rétt úr hverjum flokki.
- Gildir mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út febrúar.



Aðalréttir

Humar og risarækju Linguini

Linguini pasta með risarækjum, humri, klettsalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

Kjúklinga Tagliolini

Tagliolini pasta með steiktum kjúklinga-bitum, sveppum, spínati og pancetta í hvítvínsrjómasósu.

Pollo salat

Romaine salat með hægeldaðri kjúklinga-bringu, confit tómotum, rauðlauk, gúrku, karamellaðar hnetum, ciabatta flögum, dijon dressingu og parmesan.

„New style“ kjúklinga chili pasta

Steiktur kjúklingur í rósmarín og chili kryddaðri arrabbiata sósu með djúpsteiktu ostafylltu ravioli.



„Ég helli upp á hálfu könnu af kaffi og ét morgungull músli á meðan það hellist upp á, ef ég man þá eftir því að borða. Og lýsi. Alltaf lýsi.“

Arnar Freyr Frostason, rappari í hljómsveitinni Úlfur Úlfur.

Tilnefnd til Óskarsverðlauna útivistargeirans

Nýr jakki frá 66°Norður hlaut fyrir skemmstu tilnefningu til ISPO-verðlaunanna sem veitt eru í tengslum við ISPO sýninguna í München. Sýningin er ein sú stærsta í útivistar- og íþróttaiðnaðinum.

Jakkinn sem tilnefndur var kallast Eldborg og var hann tilnefndur í flokknum Outdoor Style. Um 260 framleiðendur senda inn vörur í samkeppnina en aðeins fáar eru tilnefndar í hverjum flokki. Þetta er annað árið í röð sem 66°Norður er tilnefnt til verðlaunanna en jakkinn Snæfell sigraði í sínum flokki í fyrra.

Jan Davidsson, yfirhönnuður 66°Norður, hannaði báða jakkana og segir það óeitanlega mikla viðurkenningu að fá tilnefningu annað árið í röð. „Maður finnur vissulega til þakklætis því hátiðin er mjög virt og mætti kannski líkja henni við Óskarinn í okkar geira.

En gleðin felst þó fyrst og fremst í sköpuninni sjálfri og ekki verðlaununum,“ segir hann.

Jan hefur starfað sem hönnuður hjá 66°Norður með hléum frá árinu 1990. Árið 2002 tók hann við sem yfirhönnuður og lagði þá drög að breyttum áherslum í fatalínu fyrirtækisins.

Jan er einnig einn af dómurum í sjónvarpsþáttunum Hannað fyrir Ísland sem hefja göngu sína á Stöð 2 innan skamms. Hann kveðst í upphafi hafa verið tregur til þátttöku en að lokum látið til leiðast. „Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og þáttakendurnir yndislegir sem og tókuliði. Miðað við að það þurfti að pína mig í þetta kom það mér á óvart hversu skemmtilegt þetta var og hversu lítið feiminn ég var,“ segir Jan og bætir við að hann hafi séð fyrsta þáttinn og litist vel á. „Ef hinir þættirnir koma illa út verð ég bara að flytja burt.“



TILNEFNENDUR TIL VERÐLAUNA Jan Davidsson hannaði Eldborgar jakkann frá 66°Norður sem tilnefndur er til ISPO-verðlaunanna. Hann er einnig einn af dómurum þáttarinn Hannað fyrir Ísland sem hefur göngu sína innan skamms.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ERFITT AÐ VERA LUKKUDÝR Adolf Ingi segir að það hafi næstum gengið af sér dauðum að vera lukkudýr í 45 mínútur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ADOLF INGI ERLINGSSON: ÞAÐ HEITASTA SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ

Lukkudýrið gekk næstum að Adolphi Inga dauðum

„Þetta er það heitasta sem ég upplifað,“ segir Adolf Ingi Erlingsson, sem prófaði að gerast lukkudýr á EM í Serbíu fyrir skömmu.

Íþróttafréttamaðurinn kná starfaði fyrir evrópska handknattleikssambandið, EHF, á Evrópumótinu í handbolta í Serbíu sem lauk í gær. Þar var hann önnur kafinn við að taka viðtöl við handboltamenn á milli þess sem hann brá á leik og setti eldhress myndbönd á netið sem hafa vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis. Í einu slíku prófaði hann að vera lukkudýr í 45 mínútur.

„Við reynum að lifga upp á þetta. Það má segja að þetta hafi byrjað á EM kvenna fyrir rúmu ári þegar ég gerði eitt myndband sem vakti athygli á magavöðvunum á Gro Hammersen. Við fengum margfalt áhorf á það myndband miðað við

hin. Þá sér maður að maður þarf að fara aðeins út fyrir rammann og gera eitthvað sem vekur athygli,“ segir Adolf Ingi hress. „Ég er búinn að prófa að vera klappstýra og að vera lukkudýr í hálfum leik. Það gekk næstum að mér dauðum. Ég var algjörlega búinn og sem betur fer var Guðni Kristinsson myndatökumaður upptekinn þegar ég kláraði og tók af mér hausinn og fór úr búningnum. Bolurinn var eins og ég hefði farið í sturtu í honum og mér skilst að ég hefði verið fjólublár í framan í klukkutíma á eftir. Ég sat bara og drakk fleiri lítra af vatni eftir þetta. Núna skil ég af hverju krakkarnir sem eru í þessu vafra um og eru ekkert að hoppa og skoppa. Ég sá fyrir mér fyrirsagnirnar: „Lukkudýr deyr á vellinum,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segir Adolf Ingi ekkert erfitt að bregða á leik og stíga aðeins út fyrir rammann. „Ég hef svo sem aldrei tekið sjálfan mig alltof hátfölega. Reyndar finnst mér verst þegar verið er að rifja upp gamlar myndir eins og var gert á einhverjum miðli heima. Þar var klappstýrumyndbandið sýnt og svo hnýtt við það tuttugu ára kynningu úr Íþróttaspeglinum þar sem ég var að dansa. Það er verst að svona gamlar myndir fyrnast ekki. En það hjálpar til að maður tekur sig ekki of hátfölega, enda til hvers?“

Adolf Ingi hefur gaman að starfi sínu fyrir EHF og segir að sambandið hafi þegar óskað eftir því að hann flytji fréttir af EM kvenna í Hollandi í desember. „Það kemur í ljós. Þeir eru alla vega ánægðir en ég læt vinnuna hjá RÚV alltaf ganga fyrir.“

freyr@frettabladid.is

DIMMALIMM
ÍSLENSKU MYNDSKREYTIVERÐLAUNIN
2011

KRISTÍN RAGNA

HLÝTUR DIMMALIMM-VERÐLAUNIN
FYRIR BÓKINA

HÁVAMÁL

ÞAR SEM ÞÓRARINN ELDJÁRN
ENDURYRKIR SPAKMÆLI ÓÐINS



PBB / FRÉTTATÍMINN



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Framleiðir magnaða hálsklúta

Söngkonunni Svölu Björgvinsdóttur er margt til lista lagt og hóf hún nýverið að sauma litríka hálsklúta sem hægt er að kaupa í gegnum heimasíðu hljómsveitarinnar Steed Lord. Svöla er þó enginn nýgræðingur þegar kemur að saumaskap því hún hefur saumað eigin fót allt frá því hún var í gagnfræðaskóla.

Klútana kaupir Svöla notaða og handsaumar síðan kögur á kantana til að lifga upp á þá. Klútarnir eru í anda fatastíls Svölu sjálfar, litríkir og fjórlegir og hafa fallið vel í kramið hjá aðdáendum hljómsveitarinnar.

„Ég saumaði nokkra klúta fyrir sjálfa mig og vini mína árið 2007 og fékk í kjölfarið pantanir frá fleiri aðilum. Ég ákvað svo bara að fara að sauma fleiri og selja svo að allir sem vilja geti eignast klút,“ segir Svöla sem viðurkendi í viðtali við Fréttablaðið sumarið 2010 að hún hefði saumað flíkur á sjálfa sig allt frá því hún var í gagnfræðaskóla og því ættu henni að vera hæg heimatökin við framleiðslu klútanna.

Svöla kveðst hafa verið hrifin af kögri á flíkum allt frá barnsaldri og á sjálf fjóra klúta sem hún segist nota mikið. „Strákarnir eiga ekki ennþá klúta, ætli ég verði ekki að fara sauma á þá bráðum.“

Svöla þykir einstaklega smekklegr og var meðal annars valin ein af best klæddu konum landsins árin 2010 og 2011. Hún segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á hönnun og hafa meðlimir Steed Lord meðal annars hannað litla fatalínu fyrir H&M árið 2007.



FJÖLHÆF Söngkonan Svöla Björgvinsdóttir saumar litríka hálsklúta og selur á heimasíðu hljómsveitarinnar Steed Lord. Klútarnir hafa fallið vel í kramið hjá aðdáendum hljómsveitarinnar.

MYND/STEED LORD

„Við hönnuðum líka Steed Lord boli fyrir sænska fatafyrirtækið WeSC og stefnum á að hanna Steed Lord heyrnartól og fylgihluti fyrir þau í framtíðinni. Tónlist, kvikmyndagerð, ljósmyndun og hönnun eru okkar ástríður og í Steed Lord getum við gert það allt undir einu nafni sem er bara frábært.“

Klútana má nálgast á slóðinni www.steedlord.bigcartel.com.

- sm

SPORT 2
enski boltinn

HALDA LIVERPOOL ÁFRAM EINS OG ÞEIR KLÁRUÐU
SÍÐUSTU LEIKTÍÐ OG TAKA TITILINN?

ENSKI BOLTINN
STÆRRI EN ALLT
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Síminn ICELANDAIR 1011 OPIN KERFI

☆ Mallorca

☆ Tenerife

☆ Almería

☆ Calpe

☆ Benidorm

Frábært verð í sólina í **sumar!**



SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA

HEFST Í DAG KL. 12:00

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

Sólarhringstilboð á sumaráfangastaði Sumarferða

Nú gefst tækifæri á að bóka sólarlandaferð í
sumar á frábæru verði í einn sólarhring!
Sólarhringurinn hefst stundvíslega á hádegi í
dag. Vertu í viðbragðstöðu því ódýrustu sætin
bókast fyrst!

Nánar á sumarferdir.is.

Verðdæmi: Vika í sólarlöndum

frá: **84.062** kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Tenerife í viku á Hótel Parque
de las Americas í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 20. júní.

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI


Mistókst að selja sálina

Blaðamaðurinn **Eiríkur Jónsson** sagði á dögunum upp störfum á vefmiðlinum Pressan.is. Hann veitir nú lesendum blogg síðu sinnar einstaka sýn inn í atvinnuleit sína og segir frá því þegar hann kom hugmynd á framfæri við Óskar Magnússon, útgefanda Morgunblaðsins. Hugmyndin var einhvers konar samsuða af bloggi og sjónvarpi og Óskar virtist spenntur í fyrstu, miðað við tölvupósta sem Eiríkur birtir samviskulega. Eftir að hafa farið yfir málið með samstarfsfélögum sínum hafnaði Óskar svo hugmyndinni og Eiríki virðist létt, enda leit hann svo á að hann væri að reyna að selja sálu sína og að það hafi því mistekist.



Bara grín

Magnús Kjartansson var hinn hressasti í síðasta undanúrslitaþætti Söngvakeppni sjónvarpsins á laugardaginn var. Sérstaklega þótti hann fara á kostum þegar hann sýndi fram á líkindi dádra íslenskra dægurperla við aðrar lagasmíðar. Magnús fór hörðum orðum um Stál og hníf eftir Bubba Morthens, kallaði það snubbótt lag og lét að því liggja að það væri nauðalíkt lagi sænska tónskáldsins Bellmans sem gjarnan er sungið við Borðsálm Jónasar Hallgrímssonar. Magnús og Bubbi hafa kýtt í áratugi, allt frá því að sá síðarnefndi steig fram á sjónarsviðið og skaut reglulega á sér eldri og, að hans mati, hallærislegri músíkanta. Á Facebook-síðu sinni sér Magnús nú samt ástæðu til að svara gagnrýni á þessi ummæli sín þannig að þau hafi bara verið saklaust grín. - afb, - sh



Mest lesið VÍSIR

- 1 Undrabarn frá Kína sér í myrkri
- 2 Hvað hefur orðið um markmið sérstaks saksóknara?
- 3 Lýst eftir Kristbjörgu Lind
- 4 Kýldur fyrir utan skemmtistað á Akureyri
- 5 Tveir með áverka eftir eggvopn

Svalaskjól

-sælureitur innan seilingar!

SUNFLEX

Frábært skjól gegn vindi og regni
Engir póstar



GLUGGAR & GARÐHÚS hf

Smíðsbúð 10 | 210 Garðabær
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is

JANÚARÚTSALA



ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!



Tvíbreyð fjölstillanleg rafmagnsrúm: Verð frá kr. 309.897.-


Tvíbreyð heilsurúm: Verð frá kr. 139.000.-

30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



Einstaklingsmiðuð þjónusta

RúmGott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.



ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is